skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Nýir bílar

TAL
GERÐU OKKUR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
28. febrúar 2011
46. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Stjórnarflokkarnir langt frá því að halda meirihluta

Litlar breytingar hafa orðið á stuðningi við stjórnmálaflokkana síðasta mánuðinn samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Ríkisstjórnarflokkarnir halda ekki meirihluta á Alþingi.

KÖNNUN Ríkisstjórnarflokkarnir væru langt frá því að ná meirihluta yrði gengið til kosninga nú samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samanlagt fengju Samfylkingin og Vinstri grænn 41,7 prósent atkvæða og 27 þingmenn samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, en flokkarnir þyrftu 32 þingmenn af 63 til að ná meirihluta.

Mikil óvissa er um niðurstöður kosninga þar sem aðeins ríflega helmingur þeirra sem þátt tóku í könnuninni gaf upp stuðning við einhverja af stjórnmálaflokkunum. Alls sögðust 22 prósent þeirra sem þátt tóku ekki myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga nú, eða að þau myndu mæta á kjörstað og skila auðu.

Litlar breytingar hafa orðið á stuðningi við stjórnmálaflokkana frá síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var 19. janúar.

Sjálfstæðisflokkurinn er sem fyrr stærsti stjórnmálaflokkurinn. Yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við könnunina fengi flokkurinn 41,2 prósent atkvæða og 28 þingmenn, fleiri en stjórnarflokkarnir tveir samanlagt. Flokkurinn dalar þó heldur milli kannana.

Samfylkingin mælist nú með stuðning 26 prósenta þeirra sem afstöðu taka í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, og fengi miðað við þá niðurstöðu 20 þingmenn. Litlar breytingar hafa orðið á fylgi flokksins milli kannana.

Vinstri grænn njóta stuðnings 15,7 prósenta landsmanna samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, og dregur heldur úr stuðningi við flokkinn milli mánaða. Flokkurinn myndi, miðað við þessa niðurstöðu, tapa þriðjungi þingstyrks síns og fá tíu menn kjörna í stað fimmtán nú.

Stuðningur við Framsóknarflokkinn stendur í stað milli kannana, 11,7 prósent styðja flokkinn nú, sem myndi skila honum átta þingmönnum. Hreyfingin fengi 3,6 prósenta fylgi í kosningum, sem dugir ekki til að ná manni á þing.

- bj / sjá síðu 4 og 6

Fylgi stjórnmálaflokkanna

Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 23. og 24. febrúar 2011 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)



Ný í Salnum

Aino Freyja Jarvela er nýráðinn forstöðumaður Salarins.

Tímamót 16

Mikil viðurkenning

Hermann Hermannsson klippari tilnefndur til New York Emmy-verðlauna.

Fólk 30

Frábær bikarhelgi

Valur og Fram unnu bikarkeppni HSÍ um helgina í stórskemmtilegum leikjum.

sport 24 & 26

veðrið í dag



ALLHVASST Í dag verða suðvestan 10-18 m/s með skúrum og síðan éljum S- og V-lands, en yfirleitt úrkomulítið NA-til. Kólnar í veðri.

VEÐUR 4

AÐ MÖRGU ER AÐ HYGGJA Tíkin París bar sigur úr býtum á alþjóðlegu hundasýningunni, sem haldin var í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. París virðist hin rólega meðan einn dómarinn kannar afturenda hennar, enda nýtur hún nærveru eiganda síns, Ágústu Pétursdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fallorka bíður svara um tveggja megavatta vatnsaflsvirkjun við Akureyri:

Vilja reisa aðra virkjun í Glerá

ORKUMÁL Orkufyrirtækið Fallorka vill byggja tveggja megavatta vatnsaflsvirkjun í Glerá í Glerárdal. Erindi þess efnis bíður afgreiðslu hjá Akureyrarbæ.

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Fallorku, segir fyrirtækið hafa fengið nokkuð jákvæð viðbrögð. „Við teljum þetta býsna gott verkefni því það eru ekki mikil umhverfisáhrif, þetta er nálægt byggðinni og það stendur ekki til að gera stórt uppistöðulón."

„Þetta er náttúrulega lítil virkjun, en samt munar um hana fyrir notkunina á Akureyri. Þarna fengjust um fimmtán prósent af orkunotkun á Akureyri." Virkjunin yrði nær tvöföldun á orkuframleiðslu fyrirtækisins, sem rekur nú þegar tvær virkjanir í Eyjafirði.

> Við teljum þetta býsna gott verkefni því það eru ekki mikil umhverfisáhrif.
>
> **ANDRI TEITSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FALLORKU

Andri segir að kostnaðaráætlun hljóði upp á 430 milljónir króna og virkjunin virðist vera mjög hagkvæmur virkjunarkostur. „Ef þetta verður samþykkt tekur við nánari hönnun og útfærsla." Margra mánaða undirbúningsvinna tæki þá við.

Fallorka óskaði eftir því við bæinn þann 11. febrúar að tekin yrði afstaða til breytinga á aðal- og deiliskipulagi dalsins og hafin yrði vinna með það fyrir augum að fyrirtækinu yrði heimilað að reisa virkjunina. Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum 17. febrúar.

- þeb

Tæknibrellur í Reykjavík:

Hannaði hreyfingar Clooneys

FÓLK Hjá Framestore Reykjavík vinna nú fimmtán manns við gerð tæknibrellna og eftirvinnslu stórra kvikmynda og auglýsinga.

DAÐI EINARSSON

Aðalmaðurinn á bak við Framestore Reykjavík er Daði Einarsson en hann vann nýverið náið með mexíkóska leikstjóranum Alfonso Cuarón við nýjustu mynd hans, Gravity. „Hann er mikill persónuleiki og kvikmyndagerðarmaður," segir Daði sem fékk meðal annars það hlutverk að hanna hreyfingar fyrir leikarana George Clooney og Söndru Bullock í forvinnslu myndarinnar.

- fgg/ sjá síðu 30

SPURNING DAGSINS

Reynir, er þetta strætó-stopp?

Nei, þetta er bara biðskylda.

Nýjustu breytingar hjá Strætó tóku gildi í gær. Strætó hættir nú að ganga klukkustund fyrr á kvöldin og akstur hefst tveimur klukkustundum síðar á laugardögum. Breytingarnar eru vegna niðurskurðar.

Bandaríkin bjóða uppreisnarmönnum í Líbíu aðstoð:

Æ meir þrengt að Gaddafi

LÍBÍA, AP Uppreisnarmenn í Líbíu höfðu í gær náð að mestu völdum í borginni Zawiya, sem er skammt frá höfuðborginni Trípolí. Liðsmenn Gaddafis áttu í átökum við uppreisnarmenn í Trípolí.

Æ meira þrengir að Gaddafi, jafnt innan lands sem á alþjóðavettvangi. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti seint á laugardag að setja vopnasölubann á Líbíu og hvatti aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að frysta hugsanlegar eigur Gaddafis og fjölskyldu hans.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna kemur síðan saman á morgun til að greiða atkvæði um tillögu frá mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um að víkja Líbíu úr ráðinu.

MYNDA STJÓRN Talsmaður bráðabirgðastjórnar uppreisnarmanna, sem náð hafa flestum borgum Líbíu á sitt vald. NORDICPHOTOS/AFP

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði Bandaríkin reiðubúin til þess að veita uppreisnarmönnum í Líbíu aðstoð, og varaði jafnframt Afríkuríki við því að senda málaliða til stuðnings Gaddafi. Breskar og þýskar herþotur voru í gær sendar til þess að bjarga flóttafólki úr eyðimörkinni í Líbíu.

Uppreisnarmenn völdu í gær fulltrúa í eins konar bráðabirgðastjórn til að fara með völd í þeim hluta landsins, sem þeir hafa náð á sitt vald. - gb

Fer í slipp í Danmörku:

Goðafoss siglir til Óðinsvéa

SIGLINGAMÁL Goðafoss fer í slipp í Óðinsvéum í Danmörku. Skipið siglir sjálft frá Noregi, þar sem það strandaði 17. þessa mánaðar.

Ferðin tekur þó lengri tíma en venjulega þar sem skipið siglir ekki hraðar en sem nemur átta sjómílum á klukkustund. Búist er við að skipið komi til Danmerkur seint á morgun eða á þriðjudag.

Að sögn Ólafs William Hand, upplýsingafulltrúa Eimskipa, er áætlað að viðgerð muni taka tvær til þrjár vikur. - sv

Í JEMEN Mótmælendum í Jemen vex ásmegin. NORDICPHOTOS/AFP

Kröftug mótmæli í Jemen:

Þrýstingur vex á Saleh forseta

JEMEN, AP Stjórnarandstöðuflokkar í Jemen sögðust í gær ganga til liðs við unga mótmælendur, sem nánast daglega hafa komið saman síðustu vikurnar að krefjast afsagnar forsetans, Ali Abdullah Saleh.

Þar með virðist fokið í flest skjól fyrir Saleh, sem hefur verið við völd í 32 ár.

Á laugardaginn létu tveir voldugir leiðtogar úr ættbálki forsetans af stuðningi við hann. Hundruð þúsunda komu saman á laugardag í fjölmennustu mótmælum landsins til þessa. - gb

Alþingi undirbýr kosningar:

Kjósa nýja landskjörstjórn

ALÞINGI Ný landskjörstjórn verður kosin á Alþingi í dag.

Síðast var landskjörstjórn kosin í ágúst 2009. Sú stjórn sagði af sér þann 28. janúar síðastliðinn, eftir að kosningar til stjórnlagaþings voru ógiltar. Kosið verður því um fimm nýja aðalmenn í ráðið sem og einn varamann.

Ný landskjörstjórn mun sjá um þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana í apríl. - þeb

ÚGANDA

Hótar að éta andstæðinginn

Yoweri Museveni, forseti Úganda, segist ætla að „veiða og éta" Kizza Besigye, mótframbjóðanda sinn í forsetakosningum sem hefur efast um úrslitin.

Skjálftarnir fundust vel í höfuðborginni

Á fimmta hundrað jarðskjálftar höfðu í gærkvöld mælst í námunda við Kleifarvatn frá aðfaranótt sunnudags. Tveir sterkir skjálftar fundust á höfuðborgarsvæðinu í gær. Ekki ástæða til að óttast gos á svæðinu að mati jarðeðlisfræðings.

JARÐSKJÁLFTI Erfitt er að segja til um lyktir jarðskjálftahrinu sem hafin er í námunda við Kleifarvatn að mati Páls Einarssonar jarðeðlisfræðings. Hann segir litlar líkur á gosi á svæðinu.

Hrinan hófst á fimmtudagskvöld og jókst virknin aftur í gærmorgun. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu urðu margir varir við jarðskjálfta sem reið yfir skömmu eftir klukkan níu í gærmorgun en sá mældist 3,7 að stærð. Annar stór skjálfti varð um klukkan hálf sex í gærkvöldi og mældist sá 4,1 að stærð. Að sögn Sigþrúðar Ármannsdóttur, landfræðings hjá Veðurstofu Íslands, er ekki óalgengt að hrinur sem þessar eigi sér stað á svæðinu. „Þessi hrina er í raun búin að standa yfir með hléum frá því á fimmtudaginn. Stór skjálfti varð um klukkan níu í gærmorgun og fylgdu nokkrir minni skjálftar í kjölfarið. Það dró svo úr þessu upp úr hádegi í gær en upp úr tvö kom aftur um hálftímaskot af minni skjálftum," sagði Sigþrúður. Í gærkvöld höfðu mælst á svæðinu á finnta hundrað jarðskjálftar frá því aðfaranótt sunnudags.

Friðbjörn Orri Ketilsson, kafari, var staddur ásamt tveimur öðrum á rúmlega 20 metra dýpi í norðausturhluta Kleifarvatns þegar skjálftinn reið yfir klukkan hálf sex í gærkvöldi. Hann segist hafa fundið þungt högg er skjálftinn varð. „Við vorum búnir að vera ofan í vatninu í um tuttugu mínútur þegar við fengum mikið högg á okkur. Við héldum í fyrstu að kútur hefði gefið sig en svo komu fleiri högg og hvellir og þá áttuðum við okkur á því að þetta væri skjálfti." Háhitasvæðið er í sunnanverðu vatninu og því staðað köfurunum ekki mikil hætta af skjálftanum.



PÁLL EINARSSON

FRIÐBJÖRN ORRI KETILSSON

4,1 Skjálftinn sem átti sér stað um klukkan hálf sex í gær mældist 4,1 stig á Richter.

Páll Einarsson segir atburðarásina sem átt hefur sér stað á Krýsuvíkursvæðinu undanfarna daga vera mjög áhugaverða og að engin ástæða sé til að óttast frekari jarðhræringar eins og gos. „Orsök skjálftanna má rekja til þess að svæðið stendur á meginflekaskilum og til viðbótar við það hefur verið landris á Krýsuvíkursvæðinu síðan á síðasta ári. Þá myndast bunga á landinu og skjálftarnir tengjast því mjög greinilega en svo er spurning hvað veldur þessu landrisi og verið er að rannsaka það núna." Síðast varð gos á Reykjanesskaga í kringum árið 1240 og segir Páll gos á þessu svæði vera frekar meinlítil gos sem standi sjaldan yfir í lengri tíma.

sara@frettabladid.is

Á KJALARNESI Um 70 mættu á samstöðufund við þjónustustöð Sorpu á Kjalarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íbúar á Kjalarnesi mótmæltu:

Lendir á hálfu prósenti íbúa

UMHVERFISMÁL Um sjötíu manns mótmæltu í gær fyrirhugaðri lokun endurvinnslustöðvar Sorpu á Kjalarnesi. Sorpu hefur verið gert að draga úr útgjöldum um tólf milljónir á þessu ári.

Íbúasamtök Kjalarness segja lokunina í algjörri andstöðu við aukna áherslu á flokkun heimilissorps. Þá benda þau á misrétti sem í því sé falið að íbúar annarra hverfa borgarinnar búi aðeins við skerta þjónustu. Þau segja að með lokuninni beri 0,5 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins um 30 prósent af niðurskurði Sorpu.

„Samstöðufundurinn var meiriháttar og mætingin glæsileg. Þetta skiptir okkur íbúana gríðarlega miklu máli," segir Ásgeir Harðarson, formaður Íbúasamtaka Kjalarness. - sm

Allsherjarnefnd fundar:

Fjalla um staðgöngumæðrun

ALÞINGI Allsherjarnefnd Alþingis mun fjalla um þingsályktunartillögu um heimild til staðgöngumæðrunar á fundi sínum í dag.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina eru þrettán af þeim fimmtán aðilum sem skilað hafa inn umsögn um tillöguna ekki fylgjandi því að hún verði samþykkt nú.

Átján hafa ekki skilað inn umsögn um málið. - þeb

Starfshópur um sameiningar í skólakerfi Reykjavíkur fækkar tillögum:

Sameiningartillögur að skýrast

SKÓLAMÁL Rúmlega tuttugu tillögur til sameiningar og samreksturs í skólakerfi og frístundastarfi Reykjavíkur verða teknar fyrir í borgarráði Reykjavíkur næstkomandi fimmtudag að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

Þessar tillögur starfshóps um hagræðingu í skólakerfi borgarinnar voru kynntar fyrir menntaráði í vikunni, en skorið hefur verið niður um helming frá þeim 54 tillögum sem voru kynntar borgarfulltrúum og skólastjórnendum í síðustu viku.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur fækkað verulega þeim tillögum sem kveða á um samrekstur eða sameiningu milli skólastiga. Sex tillögur voru þar að lútandi meðal þeirra 54 sem komust í hámæli en nú eru þær einungis ein eða tvær.

Mikill styr hefur staðið um fyrirhugaðar sameiningar og hafa hagsmunasamtök foreldra, kennara og leikskólakennara sett sig mjög upp á móti þeim. Meðal þess sem vekur áhyggjur er að sérstaða skóla og fagleg sjónarmið séu fyrir borð borin.

Þá hefur gagnrýni einnig beinst að því að fjárhagslegur ávinningur af hagræðingaraðgerðunum liggi ekki fyrir. - þj

SKÓLASAMEININGAR Líða fer að því að starfshópur um sameiningar í skólum skili tillögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

iPhone 4

Stundum eru orð of fátækleg til að lýsa upplifuninni.

3.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mán. fylgir iPhone 4 hjá Nova!

8.990 kr./18 mán.

iPhone 4 16 GB

3.000 kr. notkun á mán. í 12 mánuði fylgir!

144.990 kr. stgr.

DAGUR & STEINI

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

3.000 kr. símnotkun fylgir með o kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 25.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,92	116,48
Sterlingspund	186,37	187,27
Evra	159,78	160,68
Dönsk króna	21,43	21,556
Norsk króna	20,601	20,723
Sænsk króna	18,104	18,21
Japanskt jen	1,4129	1,4211
SDR	181,81	160,68

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,9696

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meirihluti landsmanna telur víst að íslenska krónan geti ekki verið framtíðargjaldmiðill samkvæmt könnun:

Aðeins framsóknarmenn treysta krónunni

KÖNNUN Meirihluti stuðningsmanna allra flokka annarra en Framsóknarflokksins telja að krónan geti ekki verið framtíðargjaldmiðill Íslands, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðu 59,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni að krónan geti ekki verið framtíðargjaldmiðill Íslands, en 40,5 prósent töldu krónuna brúklega áfram. Þetta er svipað hlutfall og í sambærilegri könnun í apríl 2009.

Um 66 prósent þeirra sem sögðust styðja Framsóknarflokkinn hafa trú á krónunni sem framtíðargjaldmiðli. Það er viðsnúningur því 38 prósent stuðningsmanna flokksins voru þeirrar skoðunar í apríl 2009.

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks hafa sveiflast í hina áttina. Um 48 prósent telja krónuna geta verið framtíðargjaldmiðil. Um 58 prósent voru þeirrar skoðunar fyrir tveimur árum.

Aðeins 21,5 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar hafa trú á krónunni sem framtíðargjaldmiðli samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Um 48 prósent stuðningsmanna VG eru sömu skoðunar.

Ekki reyndist marktækt að reikna afstöðu stuðningsmanna Hreyfingarinnar.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 23. febrúar og fimmtudaginn 24. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. - bj

Afstaða til krónunnar

Vilt þú að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi?



Forsætisráðherra segir af sér:

Nýr tekinn við til bráðabirgða

TÚNIS, AP Allt síðan Zine El Abidine Ben Ali forseti hrökklaðist frá Túnis í janúar hafa mótmælendur krafist afsagnar bráðabirgðastjórnarinnar, sem tók við völdum undir stjórn Mohameds Ghannouchis forsætisráðherra.

Í gær lét Ghannouchi svo undan og sagði af sér, eftir að átök höfðu brotist út á ný með þeim afleiðingum að fjórir létu lífið.

Fouad Mebazaa, sem gegnir forsetaembætti til bráðabirgða, fékk strax Beiji Caid-Essebsi til að taka að sér að vera forsætisráðherra, einnig til bráðabirgða fram að kosningum, sem reiknað er með að verði haldnar í júlí. - gb

Amr Moussa býður sig fram:

Vill verða arftaki Mubaraks

EGYPTALAND, AP Amr Moussa, egypskur stjórnarerindreki sem hefur verið leiðtogi Arababandalagsins í áratug, hefur tilkynnt framboð sitt til forsetakosninga í Egyptalandi, sem stefnt er að síðar á árinu.

AMR MOUSSA

Herinn tók við stjórn landsins eftir að Hosni Mubarak hraktist frá völdum nýverið vegna mótmæla almennings. Herinn hefur lofað að breyta stjórnskipan landsins og efna til lýðræðislegra kosninga.

Amr Moussa sagðist þó ekki vita hvort hann myndi bjóða sig fram sem einstaklingur eða ganga í stjórnmálaflokk. - gb

ENDA KENNY Líklegt þykir að Enda Kenny, leiðtogi Fine Gael, myndi samsteypustjórn með Verkamannaflokknum. NORDICPHOTOS/AFP

Enda Kenny sparar ekki stóru loforðin

Fine Gael tekur við stjórninni af Fienna Fáil á Írlandi í kjölfar þingkosninga á laugardag. Enda Kenny, leiðtogi Fine Gael, boðar grundvallarbreytingu á írsku samfélagi. Hans bíður það erfiða verkefni að reisa efnahagslífið úr rústum.

ÍRLAND, AP „Þetta var lýðræðisleg bylting í kjörklefunum," segir Enda Kenny, leiðtogi Fine Gael, sem þykir harla öruggur með að verða næsti forsætisráðherra Írlands.

Flokkur hans hafði hlotið 68 þingsæti þegar búið var að úthluta 149 þingsætum af 166 á írska þinginu, en fyrrverandi stjórnarflokkur, Fianna Fáil, fékk heldur betur að finna fyrir reiði kjósenda og var ekki kominn með nema 17 þingsæti.

Skellurinn er mikill, því Fianna Fáil var með 71 þingsæti á síðasta kjörtímabili.

Ljóst þótti að Fine Gael fengi ekki hreinan meirihluta og mun væntanlega mynda stjórn með Verkamannaflokknum, sem var kominn með 35 þingsæti. Þessir tveir flokkar hafa oft starfað saman í stjórn áður. Eamon Gilmore, leiðtogi Verkamannaflokksins, virtist til í slaginn, enda flokkur hans orðinn næststærstur á þingi.

Þó er talið koma til greina að Kenny myndi minnihlutastjórn ef Fine Gael nær nærri 80 þingsætum, en 84 þingsæti þarf til að hafa meirihluta.

Kenny sagði verkefni sitt verða að reisa efnahagslíf landsins úr rústum hrunsins: „Við stöndum frammi fyrir grundvallarbreytingu á því hvernig við lítum á okkur sjálf, efnahagslífið og samfélagið."

Hann lofaði því að innan fimm ára verði Írland orðið „besta land í heimi", bæði fyrir fyrirtæki og fjölskyldur.

Til skamms tíma naut Kenny ekki mikilla vinsælda, ekki einu sinni meðal eigin flokksmanna sem reyndu að fella hann úr leiðtogasætinu síðasta sumar. Hann hefur verið á þingi síðan 1975, og var þá kosinn í stað föður síns sem lést skyndilega.

Tveir helstu stjórnmálaflokkarnir á Írlandi, Fine Gael og Fianna Fáil, voru báðir stofnaðir upp úr andstæðum fylkingum borgarastríðsins, sem geisaði á Írlandi 1922-23.

Málefnalegur munur þeirra er hins vegar lítill nú orðið. Báðir eru þeir hægri-miðjuflokkar, en Fine Gael þykir heldur lengra til hægri. Fianna Fáil geldur þess að hafa verið við stjórnvölinn, bæði þegar eignabólan sprakk árið 2007 og alveg þangað til nú í vetur þegar skuldaholskeflan skall á ríkissjóði og þar með á almenningi.

gudsteinn@frettabladid.is

Fimm fá fimm milljóna styrki:

25 milljónir til jarðhitaleitar

FRAMKVÆMDIR Orkuráð hefur veitt fimm styrki að upphæð fimm milljónir hver til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Megintilgangur styrkjanna er að stuðla að enn frekari nýtingu jarðvarma til húshitunar með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði.

Búast má við að leit hefjist með vorinu. - bþs

Styrkþegarnir

- Arnór Heiðar Ragnarsson, til framhaldsleitar í landi Hofsstaða í Reykhólahreppi.
- Hörgársveit, til leitar í Hörgárdal og Öxnadal.
- Jón Svavar Þórðarson, til framhaldsleitar í landi Ölkeldu í Staðarsveit.
- Orkuveita Staðarsveitar, til framhaldsleitar á Lýsuhóli.
- Steinþór Tryggvason, til lokaáfanga jarðhitaleitar í landi Kýrholts í Viðvíkursveit í Skagafirði.

Val á nýjum ríkissaksóknara:

Hjördís fer fyrir hæfisnefnd

STJÓRNSÝSLA Hjördís Björk Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, er formaður hæfisnefndar vegna undirbúnings skipunar í embætti ríkissaksóknara. Nefndin er Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra til fulltingis við undirbúning skipunar í embættið og skilar honum mati á hæfni umsækjenda.

Aðrir í nefndinni eru Guðrún Agnarsdóttir læknir, Pétur Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómari, Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari og Valur Ingimundarson prófessor. - bþs

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

ÉLJAGANGUR
Það verður heldur hvöss suðvestanátt á landinu í dag og á morgun með kólnandi veðri. Skúrir eða slydduél í fyrstu sunnan og vestan til en síðan má búast við éljagangi er líður á daginn. Norðaustantil verður úrkomulítið. Svipað veður á morgun.



HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	5°
Berlín	6°
Billund	5°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	20°
London	5°
Mallorca	12°
New York	13°
Orlando	28°
Ósló	-1°
París	8°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

Engin transfita

Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur, það er ekkert leyndarmál á bakvið bragðið okkar!

Gerðu samanburð
því það verður að vera Orville

KJÖRKASSINN

Hefur þú áhuga á að sjá hljómsveitina Eagles á hljómleikum?

JÁ	58,4%
NEI	41,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave 9. apríl?

Segðu þína skoðun á Vísir.is. VÍSIR

Kínversk stjórnvöld óttast mótmæli og bregðast við af fullri hörku:

Erlendir blaðamenn handteknir

KÍNA, AP Á annan tug erlendra fréttamanna og ljósmyndara voru handteknir í Peking í gær, þegar kínverska lögreglan kæfði í fæðingu mótmælafund sem boðað hafði verið til. Meðal annars voru fréttamenn og kvikmyndatökumenn þýska ríkissjónvarpsins handteknir.

Við Alþýðutorgið í Sjanghaí, þar sem mótmælafundur átti einnig að verða, stóðu lögregluþjónar í röðum, blésu í flautur og skipuðu fólki að halda áfram. Um 200 manns reyndu samt að hinkra, sumir af forvitni einni saman.

Boðað hafði verið til mótmæla víðar um landið, en alls staðar var lögreglan mætt og kom í veg fyrir að fólk gæti staldrað við.

Ólgan í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda hefur orðið kínverskum andófsmönnum til hvatningar, en lítið hefur þó enn orðið úr mótmælum þar í landi.

Þrátt fyrir mikinn efnahagsuppgang í Kína hefur verðbólga vaxið undanfarið, með versnandi kjörum sem almenningur finnur fyrir.

Í gær skýrðu kínversk stjórnvöld frá því að þau reikni með eitthvað minni hagvexti á næstunni. Jafnframt kynntu þau nýja áætlun til fimm ára, sem miðar að því að efla neyslu innanlands. - gb

HART BRUGÐIST VIÐ Lögregla í Kína reyndi í gær að kæfa mótmæli í fæðingu. NORDICPHOTOS/AFP

Tónlistarskóli á netinu:

Maxímús Músíkús fær styrk

MENNING Músin Maxímús Músíkús hefur fengið styrk frá Tækniþróunarsjóði. Samnefnt fyrirtæki, vinnur að því með Fancy Pants Global að setja upp vefsíðuna Maxi´s Music School. Þar á að vera ævintýraleg og fjörleg nálgun í gagnvirkri tónlistarfræðslu.

Tónlistarskólinn á að opna heim tónlistar fyrir íslenskum og erlendum börnum sem Maxímús hefur heimsótt. Komið hafa út bækur um Maximús Músíkús og Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt verk músinni til heiðurs. -jtó

VIÐ NETKAFFIHÚS Almennir borgarar bíða eftir að komast á netið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kúbverjar hafa fáir netaðgang:

Kúbustjórn hleypir fólki á internetið

KÚBA Ríkistjórn Kúbu ætlar að stuðla að því að almenningur komist á netið. Hingað til hafa bara forréttindahópar haft óheftan aðgang að internetinu.

Fréttastofa Reuters hefur eftir Jorge Luis Perdomo, aðstoðarsamskiptaráðherra Kúbu, að landið ætli að tengjast netaðgangi Venesúela, en leggjast þurfi í nokkrar framkvæmdir til þess að allir íbúar fái netaðgang.

Aðstoðarráðherrann taldi að aukinn netaðgangur myndi hafa jákvæð áhrif á efnahagslega og félagslega þróun landsins. - mel

Kostnaður bænda eykst:

Skert kjör eða dýrtíð

ALÞINGI Kostnaður við framleiðslu landbúnaðarafurða hefur hækkað mikið undanfarið. Verðlagsnefnd búvara tekur ákvörðun um hvort kostnaðaraukanum verði velt út í verðlagið eða hvort bændur þurfi að bera hann.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, kallaði fyrir helgi eftir viðbrögðum ráðherra.

Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra sagði aukinn kostnað bænda og kjaraskerðingu mikið áhyggjuefni og taldi sérstaka ástæðu til að fylgjast með umræðum um málið á Búnaðarþingi.

Einari K. Guðfinnssyni fannst svör ráðherrans fátækleg. - pg

Ekkert dregur úr óánægju með stjórnmálaflokkana

Aðeins rúmur helmingur þeirra sem þátt tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 vildi gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa í þingkosningum. Litlar breytingar mælast á fylgi flokkanna milli kannana.

KÖNNUN Óánægja almennings með hefðbundna stjórnmálaflokka virðist síst á undanhaldi ef marka má hlutfall þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 á fylgi stjórnmálaflokkanna.

Aðeins 52,5 prósent gáfu upp ákveðinn flokk þegar spurt var hvað fólk myndi kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú. Könnunin var gerð á miðvikudag og fimmtudag í síðustu viku.

Af þeim sem ekki gáfu upp afstöðu sína sögðust um 22 prósent ekki ætla að mæta á kjörstað, eða ætla að mæta og skila auðu. Ellefu prósent sögðust óákveðin, og fjórtán prósent vildu ekki svara spurningunni.

Sjálfstæðisflokkurinn er sem fyrr stærsti stjórnmálaflokkurinn. Af þeim sem afstöðu taka í könnuninni segjast 41,2 prósent styðja flokkinn. Heldur dregur úr stuðningnum frá síðustu könnun, sem gerð var 19. janúar síðastliðinn, þegar 43,4 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Sjálfstæðisflokkurinn naut stuðnings 23,7 prósenta í síðustu kosningum, og er því nærri tuttugu prósentustigum yfir kjörfylgi.

Yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við niðurstöður könnunarinnar fengi flokkurinn 28 þingmenn, en er með sextán í dag.

Alls sögðust 26 prósent myndu kjósa Samfylkinguna yrði gengið til kosninga nú. Það er nær óbreytt fylgi frá því í könnuninni í janúar. Flokkurinn fékk 29,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum, og er því enn um fjögur prósentustig undir kjörfylgi.

Samfylkingin fengi samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar sautján þingmenn, en er með 20 í dag.

Heldur dregur úr stuðningi við Vinstri grænt samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Nú segjast 15,7 prósent styðja flokkinn, en 16,5 prósent sögðust myndu kjósa hann í síðustu könnun, sem gerð var 19. janúar síðastliðinn. Flokkurinn fékk 21,7 prósent atkvæða í kosningunum fyrir tæpum tveimur árum, og mælist því um sex prósentustigum undir kjörfylgi.

Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina félli þriðji hver þingmaður vinstri grænna af þingi. Flokkurinn fengi tíu menn kjörna en er í dag með fimmtán þingmenn.

Litlar breytingar hafa orðið á fylgi Framsóknarflokksins frá síðustu könnun. Flokkurinn mælist með stuðning 11,7 prósenta kjósenda nú, en 11,8 prósent í síðustu könnun. Flokkurinn er því enn ríflega þremur prósentustigum undir kjörfylginu, sem var 14,8 prósent.

Framsóknarflokkurinn fengi miðað við þetta átta þingmenn, en er með níu í dag.

FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

52,5% Einungis rúmur helmingur aðspurðra í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 vildu gefa upp ákveðinn flokk þegar spurt var hvernig fólk myndi kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú.

Hreyfingin nýtur nú stuðnings 3,6 prósenta þeirra sem afstöðu taka í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fylgi flokksins hefur rokkað nokkuð upp og niður í könnunum, mældist 1,5 prósent í janúar síðastliðnum, en 3,6 prósent í febrúar í fyrra. Flokkurinn fengi ekki mann kjörinn yrðu þetta niðurstöður kosninga.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 23. febrúar og fimmtudaginn 24. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Þráspurt var með þessum hætti til að auka nákvæmni niðurstöðunnar. Alls tóku 52,5 prósent afstöðu.

brjann@frettabladid.is



THULE SWEDEN

SKÍÐABOX OG SKÍÐABOGAR

SJÁ NÁNAR Á: www.stilling.is/ferdavorur

Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stilling

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir nýr forstjóri Kauphallar Íslands og bróðir hans sem er forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar?*

2. *Hvað búa margir Íslendingar utan landsteinanna?*

3. *Hvað vilja margir að Ólafur Ragnar Grímsson gefi aftur kost á sér í forsetakosningum á næsta ári?*

SVÖRIN

1. Páll og Magnús Harðarsynir. 2. Rúmlega 38 þúsund. 3. 50,2 prósent.

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR Dótturfélag OR selur jarðhitaréttindi í Bandaríkjunum á 500 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dótturfyrirtæki OR í USA:

Jarðhitaréttindi seld í Kalifornníu

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur (OR) undirritaði fyrir helgi viljayfirlýsingu um sölu dótturfyrirtækis síns, REI, á jarðhitaréttindum í Kalifornníufylki í Bandaríkjunum. Kaupandinn er Nevada Geothermal Power og er söluverð alls 4,15 milljónir dala, eða tæpur hálfur milljarður króna.

Í tilkynningu frá OR segir að nýir eigendur hyggist nýta sér reynslu og þekkingu sérfræðinga OR við uppbyggingu á jarðhitanýtingu á svæðinu, en hvorki OR né dótturfélög munu fjárfesta í verkefnunum.

Búist er við að sölusamningur verði frágenginn í mars. - þj

Fjöldi íslenskra lækna sem býr utan landsteinanna



Heimild: Upplýsingaveitan Fannir ehf.

Þriðjungur íslenskra lækna býr í útlöndum

Þriðjungur allra íslenskra lækna er búsettur erlendis. Gera má ráð fyrir að margir séu í námi. Verulega erfitt er að fá íslenska sérfræðinga aftur til landsins, enda fátt sem kallar þá heim, segir formaður Félags almennra lækna.

HEILBRIGÐISMÁL Alls búa 509 íslenskir læknar í útlöndum, sem er þriðjungur allra íslenskra lækna. Í janúar síðastliðnum voru starfandi 1.071 læknir hér á landi, en þeir voru 1.157 árið 2008, samkvæmt upplýsingum frá Læknafélaginu.

Gera má ráð fyrir því að stór hluti þeirra lækna sem dvelja erlendis séu þar í námi. Eyjólfur Þorkelsson, formaður Félags almennra lækna, segir verulega erfitt að fá íslenska lækna til landsins aftur og fátt kalli þá heim þegar atvinnuástandið er eins og raun ber vitni. Það sárvanti lækna hingað til lands.

„Launin úti eru tvöföld, þreföld eða jafnvel fjórföld miðað við tekjurnar á Íslandi," segir Eyjólfur. „Þannig að það er fátt sem kallar heim."

> Það eru mörg óveðurský á lofti, en auðvitað vonar maður að stjórnvöld sjái hvert stefnir áður en allt fer í óefni.
>
> **EYJÓLFUR ÞORKELSSON**
> FORMAÐUR FÉLAGS ALMENNRA LÆKNA

Eyjólfur segir það sífellt verða erfiðara að fá unga sérfræðinga til að snúa aftur heim til Íslands eftir nám. Að sama skapi hafi verið erfitt að halda læknum í landinu, þegar atvinna er ótrygg og verðlag hækkar sífellt. Í langan tíma hefur ekki tekist að ráða í átta stöður heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu. Eyjólfur bendir einnig á að margir læknar séu skráðir með lögheimili hér á landi, en ferðist á milli landa til þess að vinna. Mannskapurinn sem sé starfandi hér á landi segi ekki alla söguna.

„Þá spyr maður sig, hversu lengi gengur það áður en fólk fer alfarið?" segir Eyjólfur. „Það eru mörg óveðurský á lofti, en auðvitað vonar maður að stjórnvöld sjái hvert stefnir áður en allt fer í óefni."

Eyjólfur segir sérstaklega skorta yngstu læknana, frá aldrinum 30 til 45 ára. Eftir 10 ár fari meirihluti þeirra lækna sem eru starfandi á eftirlaun og þá verður erfitt að manna þær stöður verði engin breyting á.

„Fólk er að fara fyrr út og kemur seinna eða yfirhöfuð ekki heim," segir Eyjólfur. „Það er kannski stærsti vandi heilbrigðiskerfisins núna."

sunna@frettabladid.is

Félag málmiðnaðarmanna:

Gáfu fé til tækjakaupa

FÓLK Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri gefur Sjúkrahúsinu á Akureyri eina milljón króna til tækjakaupa í tilefni AF 70 ára afmæli félagsins, samkvæmt aðalfundarsamþykkt um helgina.

Fundurinn varar líka við því að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur úr Vatnsmýri og skorar á stjórnvöld að forval vegna gerðar Vaðlaheiðarganga fari fram sem fyrst. Félagið hvatti að lokum ríkisstjórnina til að stuðla ákveðið að því að stórefla atvinnulíf í Þingeyjarsýslum sem allra fyrst. - sm

Sex mánuðir á skilorði:

Braut tennur með glasakasti

DÓMSMÁL Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að kasta snafsaglasi í andlit annarrar konu á skemmtistaðnum Vegamótum með þeim afleiðingum að fjórar tennur brotnuðu eða sprungu í fórnarlambinu. Þá var glasakastarinn dæmdur til að greiða hinni 400 þúsund krónur í miskabætur.

Konurnar höfðu verið að skemmta sér hvor í sínum hópnum á Vegamótum. Við barinn snöggreiddist sú dæmda og kastaði snafsaglasi í átt að tiltekinni stúlku. Skotið geigaði og lenti glasið á brotaþola. - jss

Bilun á vatnsæð:

Heitavatnslaust í Breiðholti

ORKUMÁL Heitavatnslaust var í raðhúsahverfinu í Neðra-Breiðholti á laugardagskvöld. Bilun í annari aðalæðinni sem flytur heitt vatn til suðurhluta borgarinnar orsakaði vatnleysið.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, sagði að líklega hefði bilunin komið í kjölfar háspennubilunar í Kópavoginum en viðgerð var lokið í gærmorgun. -sm

Mikið mál?

Minna mál
með SagaPro

Tíð næturþvaglát eru heilmikið mál fyrir marga karlmenn. **SagaPro** er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem eiga við þetta vandamál að etja. Með **SagaPro** fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld.

SagaPro fæst í heilsuvöruverslunum, apótekum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.

Náttúruvörur úr íslenskri ætihvönn

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

SPOTTIÐ ENDURBIRT Fyrir mistök í umbroti birtist ekki nema hluti skopmyndar Gunnars Karlssonar teiknara í helgarblaði Fréttablaðsins. Þótt sá hluti myndarinnar sem þó birtist hafi verið skemmtilegur er meiri saga sögð með myndinni allri.

MYND/GUNNAR KARLSSON

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

VÍSIR.IS

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

Næstu námskeið

Skrifstofuskólinn

Bókhald 1

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl og er námið metið til eininga.

Helstu kennslugreinar: Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, Bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Hefst 14. mars . og lýkur 6. maí. Kennt er 3x í viku, morgun og kvöldbekkir - Lengd 115 std. Verð kr. 109.000,-

Bókhald 2

Hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið t.d. Tölvu-, skrifstofu og Bókhaldsnámi 1 og vilja ná frekari skilningi og færni í bókhaldi.

Kennsla fer fram í formi verklegra æfinga og eru helstu viðfangsefni: Fjárhagsbókhald, upprifjun og flóknar færslur. Vsk. uppgjör og leiðréttingarskýrslur. Launabókhald, útreikningur launa, lífeyrissjóður og skattur, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar, lokafærslur og skil á bókhaldi til endurskoðenda. Uppsetning rekstrar og efnahagsreikninga og lestur ársreikninga

Hefst 17. mars . og lýkur 19. maí. Kennt er þri og fim, morgun og kvöldbekkir - Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

Navision - fjárhagsbókhald

Nám í tölvufærðu bókhaldi í Navision ætlað þeim sem hafa bókhaldsgrunn eða hafa lokið bókhaldsáföngum í handfærðu bókhaldi í framhaldsskóla. Aðalmarkmið er að þjálfa fólk til að starfa við tölvufært bókhald í Navision og kenna meðferð bókhaldsgagna í Navision.

Hefst 15. apríl og lýkur 6. maí. Kennt er 3x í viku, morgun og kvöldbekkir - Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,-

Tollskýrslugerð

Gerð tollskýrslna, meðferð fylgiskjala og útreikningur aðflutningsgjalda ofl.

Hefst 9. maí. Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Stutt og stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Excel frh. Stjórn & skipulag	8. mars	14 std	27.000,-
Flash	9. mars	21 std	27.000,-
Stafrænar myndavélar & Picasa	22. mars	16 std	18.000,-
Dreamweaver frh	23. mars	21 std	27.000,-
Illustrator	26. apríl	31 std	44.000,-
InDesign	14. maí	31 std	44.000,-

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

Vefur, grafík og myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja auka forskot sitt til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.
Photoshop - Illustrator – Illustrator

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF). Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Einnig fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Hefst 29. mars . og lýkur 28. maí. Kennt er þri og fim kl. 18-21:30 og 4x laugard. kl. 9-12:30 Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,-

Vefsíðugerð II (Dreamweaver frh og Flash)

Námskeið ætlað þeim sem vilja bæta við kunnáttu sína við gerð faglegra vefsvæða. Helstu áhersluatriði námskeiðsins eru að gera þátttakendur sjálfbjarga við gerð flóknari heimasíðna í Dreamweaver og að þeir geti bjargað sér með „kóðun í HTML og CSS. Einnig læra þátttakendur að búa til gagnvirka bannera og hreyfimyndir fyrir vefinn í Flash. Þátttakendur þurfa að hafa lokið Vefsíðugerð I eða hafa góða grunnþekkingu á heimasíðugerð og/eða Dreamweaver.
Góð enskukunnátta er kostur.

Hefst 9. mars . og lýkur 4. apríl. Kennt er mán. og mið. kl. 18-21:30 Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,-

Eldri borgarar 60+

Byrjendur 60+

30 stunda námskeið fyrir þá sem hafa litla sem enga tölvukunnáttu.

Verð kr. 25.000,- Hefst 2. mars. kennt er mán og mið kl. 13-16

Framhald 60+

30 stunda nám fyrir þá sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Verð kr.25.000,- Hefst 3. mars. kennt er þri og fim kl. 13-16

Stafrænar myndavélar og tölvan 60+

Myndavélin, yfirfærsla mynda í tölvu, skipulag myndasafns, lagfæringar mynda ofl.

Verð kr. 18.000,- Hefst 7. mars. kennt mán og mið kl. 13-16

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík
Sími 511-3080 • tsk@tsk.is
www.tsk.is

VILHJÁLMUR OG KATA Óðum styttist í konunglegt brúðkaup í Bretlandi. Í tilefni þess verður gefin út teiknimyndasaga um tilhugalíf hjónaleysanna. NORDICPHOTOS/AFP

FÍ varar við sameiningum:

Skora á yfirvöld að endurskoða

SAMFÉLAGSMÁL Femínistafélag Íslands skorar á borgaryfirvöld að gaumgæfa ítarlega sameiningartillögur leikskólanna.

Í tilkynningu sem Femínistafélagið hefur sent frá sér er minnt á mannréttindastefnu borgarinnar og bent á að þar standi að Reykjavíkurborg hafi „jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafna stöðu kvenna og karla“.

Femínistafélagið telur sameiningartillögurnar vera aðför að leikskólakennurum sem starfsstétt og varar jafnframt við niðurskurðartillögum sem ekki eru unnar í samræmi við kynjaða hagstjórn. - sv

Nýir útreikningar samninganefndarinnar (í milljörðum)

Skuldir/Eignir	Samningaleið	Ef dómsmáli lýkur 2014		Ef dómsmáli lýkur 2012	
	Fyrirliggjandi samningur	*Vextir Íra 5,8%*	*Vextir Portúgala 7%*	*5,8% vextir*	*7% vextir*
Endurheimtur úr búi	603	1.044	1.044	1.044	1.044
Höfuðstóll skuldar	595	1.048	1.044	1.048	1.045
Skuldir umfram eignir	***-8***	***3***	***0***	***4***	***0***
Kostnaður					
Vaxtakostnaður	77	530	733	455	621
Skuldir umfram eignir	-8	3	0	4	0
Heildarkostnaður ríkis	***69***	***533***	***733***	***458***	***621***

Skuldin gæti hækkað um 665 milljarða

Dómstólaleiðin gæti reynst Íslendingum dýrkeypt, ef marka má niðursöður nýjustu útreikninga samningsnefndar Íslands um Icesave. Vaxtakostnaður ríkisins gæti orðið 713 milljarðar, ef miðað er við vexti Portúgala og málið tapast.

ICESAVE Mögulegur vaxtakostnaður vegna Icesave gæti orðið rúmir 713 milljarðar, tapist málið fyrir dómstólum árið 2014. Þessar niðurstöður miða við að Íslendingum verði gert að greiða sömu vexti og Portúgal greiðir af sínum neyðarlánum. Fái Íslendingar sömu vexti og Írar, endar málið í 513 milljörðum. Sé núverandi samningur látinn gilda, eftir að þrotabú gamla Landsbankans hefur verið gert upp, endar skuldin í 48 milljörðum króna. Þar er miðað við þá 20 milljarða sem nú þegar eru til staðar.

Þetta eru niðurstöður nýrra útreikninga sem unnir voru fyrir íslensku samninganefndina um Icesave.

Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður og einn af samningamönnum Íslands, segir útreikningana meðal annars hafa verið gerða í ljósi þess misskilnings sem hefur verið á kreiki að verði farið með málið fyrir dómstóla gætu Íslendingar endað á því að greiða ekki kostnað af því.

„Menn eru að halda fram að kostnaðurinn við Icesave-samningana gæti verið allt frá 25 og upp í 250 milljarða, á meðan kostnaðurinn við það ef málið tapast fyrir dómstólum sé frá núll og upp í 140. Í ljósi þess er nauðsynlegt að menn fái betri upplýsingar svo ekki sé verið að taka ákvarðanir á kolröngum forsendum,“ segir Lárus. „Það myndi geta kostað okkur mörg hundruð milljarða.“

Samkvæmt útreikningunum, sé miðað við 86 prósenta endurheimtur og gengisspár, fæst nokkurn veginn upp í höfuðstól Icesave-skuldarinnar. Sé samningaleiðin farin með núverandi samingi, gætu endurheimtur úr þrotabúi gamla Landsbankans verið 8 milljörðum meiri heldur en höfuðstóll skuldarinnar.

Meðal þeirra forsenda sem gefnar eru í útreikningunum eru meðal annars þær að forgangsgröfur Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) eru 1.171 milljarðar króna og sömuleiðis skuld við Breta og Hollendinga. Heildarkröfur búsins eru 1.321 milljarðar og TIF fær 88,64 prósent af öllum útgreiðslum búsins og er endurheimtuhlutfall 86 prósent. Afborganir af höfuðstól hefjast árið 2016 þegar búið hefur verið gert upp.

sunna@frettabladid.is

UVG um hergagnaflutninga:

Segja Atlanta taka þátt í stríði

STJÓRNMÁL Stjórn ungliðahreyfingar Vinstri grænna fordæmir flutninga flugfélagsins Atlanta á stríðsgögnum til Afganistan.

Í ályktun segir að flutningurinn geti ekki talist annað en þátttaka í stríði og að fyrirtækið ætti að sjá sóma sinn í því að hagnast ekki á dauða fólks. Er því beint til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra að hann taki sem fyrst í taumana. Óforsvaranlegt sé að íslensk fyrirtæki fái heimild til þátttöku í stríði í stjórnartíð VG.

- bþs

FORSTJÓRI ÖSSURAR William Demant mátti auka hlut í Össuri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutabréfakaupin í góðu lagi:

Eigandinn var innan marka

VIÐSKIPTI Danski sjóðurinn William Demant þarf ekki að leggja fram yfirtökutilboð í stoðtækjafyrirtækið Össur, samkvæmt upplýsingum úr Fjármálaeftirlitinu.

Sjóðurinn jók nýverið eign sína í Össuri í 39,6 prósent. Yfirtökuskyldu var nýlega breytt, en hún miðast við 30 prósenta hlutafjáreign í skráðu félagi. Í athugasemdum við breytinguna er miðað við hlutafjáreign 1. apríl 2009. Þá átti William Demant 39,88 prósent í Össuri. **- jab**

Hreyfing á að veita unað ekki sársauka

Fann mun eftir einn mánuð

„Ég hef alltaf verið mikið í íþróttum og stundað fjallgöngur undanfarin ár. Um mitt síðasta sumar fór ég að finna fyrir miklum verkjum í hnjám og gat ekki stundað göngur eða íþróttir eftir það. Eftir nokkra mánuði þegar ég hafði náð litlum bata var mér bent á að prófa Regenovex vörurnar. Eftir einungis u.þ.b. mánaðar notkun fór ég strax að finna mun á mér og gat farið að stunda hlaup og fjallgöngur á ný. Ég mæli með að allir þeir sem finna fyrir eymslum í hnjám eða öðrum liðum prófi Regenovex, það er vel þess virði ef maður getur byrjað að hreyfa sig á ný.“

Einar Már Aðalsteinsson, 44 ára

Kynntu þér málið á regenovex.is Fæst í apótekum

ELDINGAR Í ELDGOSI Ljósmynd Vilhelms Gunnarssonar var valin besta umhverfismynd ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árleg sýning Blaðaljósmyndarafélags í Gerðarsafni:

Bestu ljósmyndirnar verða sýndar áfram

FJÖLMIÐLAR Tveir ljósmyndarar Fréttablaðsins, Gunnar V. Andrésson og Vilhelm Gunnarsson, voru meðal vinningshafa þegar Blaðaljósmyndarafélag Íslands kynnti bestu ljósmyndir síðasta árs á laugardag.

Gunnar átti bestu fréttamynd ársins, sem tekin var á biskupsstofu þegar fréttir af kynferðisbrotum Ólafs Skúlasonar voru í hámarki, en Vilhelm bestu umhverfsimynd ársins, sem tekin var af eldgosinu í Eyjafjallajökli. Brynjar Gauti Sveinsson átti mynd ársins, sem einnig tengdist eldgosinu. Aðrir vinningshafar eru Kristinn Ingvarsson, Óskar Páll Elfarsson og Rakel Ósk Sigurðardóttir.

Myndirnar eru til sýnis á árlegri sýningu Blaðaljósmyndarafélagsins í Gerðarsafni í Kópavogi. Sýningin stendur til 10. apríl. **- gb**

BISKUPSRAUNIR Ljósmynd Gunnars V. Andréssonar var valin besta fréttamynd ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

TILBOÐ

SINDRI

IBTGCAI2802

28 HLUTA TOPPLYKLASETT

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

TILBOÐ

9.900 m/vsk
Fullt verð 18.900

IBTGAAI4201

42 HLUTA TOPP, OG FASTLYKLASETT

1/4" 5,5 - 13 mm
1/2" 10 - 24 mm
Fastir lyklar 8 - 22 mm
Sterk plasttaska

TILBOÐ

12.900 m/vsk
Fullt verð 21.900

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

IBTGAAQ3704

37 HLUTA TOPPASETT Á SLEÐA

3 sleðar í setti
1/4" - 3/8" - 1/2"
Stærðir 4 - 22 mm

TILBOÐ

4.900 m/vsk
Fullt verð 6.900

IBTGCAI130B

130 HLUTA TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 7/8"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska
3/8" framlenging með
LED Ljósi fylgir frítt með
(Fullt verð 1.990 kr)

TILBOÐ

26.900 m/vsk
Fullt verð 39.900

TILBOÐ

ÁTAKSSKÖFT 12", 15", 18", 24"

Verð frá 1.690 kr.

FASTIR LYKLAR

Verð frá 490 kr.

TOPPAR

Verð frá 390 kr.

SLAGHAMRAR

Verð frá 1.290 kr.

TILBOÐ

IBTGCAJ0012

TOPTUL PROFESSIONAL
227 HLUTA VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

1/4" topplyklasett
1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og járnsög
Djúpir toppar, tangir, skrúfjárn og fl.
Öflug gúmmíhjól
Öflug bremsa
Öryggislæsing á skúffum*
* Aðeins hægt að opna eina skúffu í einu

199.900 m/vsk
Fullt verð 239.900

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur

skoðun

greinar@frettabladid.is

Uppkosning til stjórnlagaþings liggur beinast við.

Stjórnlagaóráð

Það er kannski lýsandi fyrir það hvað pólitíkin á Íslandi er orðin undarleg, að út úr starfi starfshópsins, sem átti að bregðast við ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu stjórnlagaþingskosninganna, kom engin tillaga um þá leið sem liggur beinast við; að kjósa upp á nýtt.

Meirihluti allra þingflokka nema Sjálfstæðisflokksins leggur til að þeir 25, sem urðu hlutskarpastir í kosningunni, verði skipaðir af Alþingi í svokallað stjórnlagaráð, sem á síðan að gegna sama hlutverki og stjórnlagaþinginu var ætlað. Minnihluti sjálfstæðismanna vill hins vegar hætta við allt saman og setja endurskoðun stjórnarskrárinnar á ný í hendur Alþingis.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í áliti meirihlutans er fjallað um þann möguleika að kjósa upp á nýtt og sagt að það sé eðlilegasta leiðin út frá lagalegu sjónarmiði. Bent er á að þetta sé einföld leið, taki skamman tíma og sá möguleiki sé fyrir hendi að kjósa samhliða þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave til að spara peninga. Meirihlutinn færir í raun engin rök fram gegn þessum kosti – en leggur engu að síður til aðra leið og mun síðri.

Í minnihlutaáliti Sjálfstæðisflokksins segir að Alþingi megi ekki víkja sér undan því að endurskoða stjórnarskrána „enda ekki ástæða til“. Sú ástæða er reyndar til – getuleysi þingsins í 65 ár að ráðast í þá endurskoðun, sem stefnt var að strax eftir lýðveldisstofnun. Málið hefur alltaf lent ofan í skotgröfum flokks- og kjördæmishagsmuna og þess vegna var brýnt að halda stjórnlagaþing til að taka af skarið í ýmsum álitamálum.

Leið uppkosningar er nærtækust, hvað sem líður tillögum starfshópsins. Skipan stjórnlagaráðs er ótæk af ýmsum ástæðum.

Með henni er gengið gegn niðurstöðu Hæstaréttar. Við myndum reka upp stór augu ef þær fréttir bærust frá einhverju nágrannaríkinu að æðsti dómstóll landsins hefði úrskurðað kosningar ógildar, en þjóðþingið sett lög um að úrslit þeirra skyldu engu að síður standa. Við myndum halda að eitthvað væri bogið við lýðræðið í því landi.

Umboð fulltrúanna sem sitja eiga í stjórnlagaráðinu var þegar veikt vegna lítillar kjörsóknar. Það verður enn þá veikara með því að Alþingi stytti sér leið framhjá niðurstöðu Hæstaréttar. Um leið eykst hættan á að þessi tilraun til að endurskoða stjórnarskrána renni út í sandinn eins og allar hinar.

Síðast en ekki sízt er uppkosning eina leiðin sem hægt er að fara til að standa vörð um heiður og orðstír Íslands sem lýðræðis- og réttarríkis. Hún er sú leið, sem yrði farin í hvaða öðru lýðræðisríki sem er – og sú leið sem farin hefur verið áður þegar kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar í sveitarstjórnum hér á landi.

Þau rök sem heyrzt hafa, að það sé svo flókið að kjósa til stjórnlagaþings að almenningi sé ekki treystandi til að gera það samhliða atkvæðagreiðslu um Icesave, eru léttvæg. Ef þjóðinni er treystandi til að mynda sér skoðun á vaxtakjörum, líkum á endurheimtum í búi Landsbankans, gengisþróun á næstu árum og ýmsum lögfræðilegum atriðum í EES-samningnum til að geta tekið afstöðu til Icesave-samningsins, er henni treystandi til að setja númer fyrir framan nöfn eins til 25 manna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

visir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þjóðin ekki skuldbundin

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, segir á Facebook-síðu sinni að því sé ranglega haldið fram að Alþingi í tíð ríkisstjórnar Geirs H. Haarde hafi skuldbundið þjóðina til að greiða Icesave-peningana. Ingibjörg segir aðeins hafa verið samþykkt að ganga til viðræðna um Icesave á tilteknum grundvelli. Þingsályktunartillaga um þetta hafi því bara skuldbundið þáverandi stjórnvöld til samninganna, en ekki þjóðina.

Ruglingslegt ferli

Tillagan sem um ræðir var samþykkt í desember 2008. Skyldi þó engan undra að ruglingur verði á þessum málum, því eins og Ingibjörgu var bent á á síðu sinni höfðu tilkynningar fram að þessari tillögu vissulega hljómað sem skuldbinding. Þannig sagði í tilkynningu forsætisráðherra frá því um miðjan nóvember sama ár að samkomulag hefði náðst, sem fæli í sér að „íslensk stjórnvöld ábyrgjast lágmarkstryggingu þá sem EES-reglur mæla fyrir um til innstæðueigenda í útibúum bankanna erlendis.“ Svo voru auðvitað fleiri yfirlýsingar sem ekki stóðust gefnar út um samkomulag um Icesave bæði fyrr og síðar.

Skýrt val í atkvæðagreiðslu

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, upplýsti í gærmorgun að hún hygðist greiða atkvæði með Icesave-lögunum í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún útskýrði framhald málsins svo að hún teldi að þrír kostir væru í stöðunni fyrir komandi atkvæðagreiðslu; já, nei, og að mæta ekki á kjörstað. Fyrir utan þá kosti að ógilda atkvæði eða skila auðu var þetta greinargóð útskýring á kostunum í stöðunni.

thorunn@frettabladid.is

HALLDÓR

Virk samkeppni á Íslandi

Samkeppni

Magnús Orri Schram
þingmaður samfylkingarinnar

Alþingi samþykkti nýlega frumvarp til laga sem veitir Samkeppniseftirlitinu heimild til að skipta upp fyrirtækjum ef eftirlitið getur sannað að skipulag eða uppbygging fyrirtækisins komi í veg fyrir, takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Við þetta mat liggja hagsmunir neytenda til grundvallar. Það þýðir að viðkomandi fyrirtæki verður ekki skipt upp ef það er til hagsbóta fyrir neytendur að fyrirtækið sé stórt og njóti stærðarhagkvæmni í innkaupum eða rekstri. Þannig getur eftirlitið ekki nýtt heimildina ef fyrirtækið nýtir hagkvæmni stærðar neytandanum til hagsbóta.

Komi til uppskiptingar mun fyrirtæki selja frá sér hluta fyrirtækis og fá endurgjald fyrir. Frumvarpið er almenn takmörkun á eignarrétti í þágu almannahagsmuna og verður einungis beitt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og ef kröfu um meðalhóf er mætt.

Andstæðingar frumvarpsins á Alþingi fullyrða að stór hluti íslenskra fyrirtækja þurfi að óttast frumvarpið. Það er einkennilegt stöðumat. Ef það er rétt mat, þá er stór hluti íslenskra fyrirtækja að njóta hagnaðar í krafti einokunar á kostnað neytenda og á kostnað virkrar samkeppni. Ég er ekki sammála því mati, þótt ég telji að víða geti leynst fyrirtæki sem vegna stöðu sinnar hindra virka samkeppni. Sé þetta mat viðkomandi þingmanna hins vegar rétt og stór hluti íslenskra fyrirtækja sé að innbyrða hagnað á kostnað virkrar samkeppni, þá hefur eftirlitið nú tæki til að bregðast við þeirri stöðu. Því má segja að röksemdir viðkomandi gegn frumvarpinu séu bestu hugsanlegu röksemdir með frumvarpinu.

> Frumvarpið er almenn takmörkun á eignarrétti í þágu almannahagsmuna og verður einungis beitt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og ef kröfu um meðalhóf er mætt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Samsærið gegn Íslendingum

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Við tölum af áfergju um bílalán og eignarhaldsfélög. Bensínverðið er hrífandi umræðuefni og stjórnlagaþingsklúðrið býður upp á þrotlausar vangaveltur – við höfum yfirleitt unun af því að tala um allt sem viðkemur peningum og lögfræði. Skemmtilegast af öllu finnst okkur þó að tala um Icesave því þar sameinast þessi tvö helstu hugðarefni okkar, peningar og lögfræði, á undursamlegan hátt.

Hljóðara hefur hins vegar orðið um það mál sem eiginlega ætti að vera stóra málið á nýju ári: þegar komst upp um samsærið gegn Íslendingum í byrjun janúar. Hér er að sjálfsögðu átt við þá uppljóstrun að díóxín-mengun í sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði hefði um árabil verið langt yfir sómasamlegum mörkum.

Húðsjúkdómar, krabbamein, ófrjósemi, fósturlát…

Það var Mjólkursamsalan sem rauf þagnarsamsærið; mældi magn díoxíns í mjólk frá nærliggjandi bæ. Slík mæling hafði raunar farið fram árið 2007 en niðurstöðunum verið stungið undir stól og haldið áfram að byrla íbúum og neytendum eitur, væntanlega í hagræðingarskyni. Í rauninni hafði þetta allt legið fyrir frá því að Íslendingar fengu – í sparnaðarskyni – undanþágu árið 2003 frá reglum EES um mengunarbúnað sorpbrennslustöðva. Svona eru nú Íslendingar klókir í peningamálum.

Díoxín verður til meðal annars þegar sorp er brennt. Það getur komist í líkama okkar með ýmsu móti: við getum andað því að okkur, það getur borist um langan veg með vindi, sóti, svifösku eða ryki, það getur líka borist með snertingu en fyrst og fremst fáum við það í líkamann með neyslu á mat sem sýktur er. Mjólk og aðrar feitar spendýraafurðir eru sérlega viðkvæmar fyrir slíkri mengun. Þegar díoxín hefur komist inn í líkama móður getur barn hennar drukkið það með móðurmjólkinni.

Of mikið af díoxíni í líkama manna getur valdið vondum húðsjúkdómum með tilheyrandi afskræmingu á útliti. Það getur orsakað lækkun á testosteróni, valdið ófrjósemi, orsakað lifrarskemmdir og orkað á miðtauga- og ónæmiskerfið. Það getur valdið fósturskaða. Og það getur valdið krabbameini.

Heiðruðu bæjarstjórar: Díoxín er eitur.

> Í síðustu viku sáum við í sjónvarpinu bæjarstjórann í Vestmannaeyjum, þar sem díoxín-mengun var 85 sinnum meiri árið 2007 en viðmiðunarmörk Evrópusambandsins gera ráð fyrir. Hann sá öll tormerki á úrbótum en virtist vilja fyrir alla muni halda áfram að spúa eitri yfir eigin þegna.

Nískan og heimskan

Reyndar hefur það verið íslenskum stjórnvöldum ljóst um hríð. Íslendingar hafa meira að segja verið í fararbroddi þjóða heims við að berjast gegn díoxínmengun – í hafi. Það getur spillt fiskinum og þar með spillt mörkuðum. Íslensk stjórnvöld hafa þannig áhyggjur af mengun í hafi en láta sér í léttu rúmi liggja sömu mengun í landi. Þau vilja hlífa útlenskum kaupendum á íslenskum fiski við því sem þau telja að íslenskir kaupendur á íslensku lambakjöti geti alveg látið ofan í sig. Erfitt er að gera sér í hugarlund öllu afdráttarlausari fyrirlitningu ráðamanna á eigin þjóð.

Í síðustu viku sáum við í sjónvarpinu bæjarstjórann í Vestmannaeyjum, þar sem díoxínmengun var 85 sinnum meiri árið 2007 en viðmiðunarmörk Evrópusambandsins gera ráð fyrir. Hann sá öll tormerki á úrbótum en virtist vilja fyrir alla muni halda áfram að spúa eitri yfir eigin þegna. Hann heldur kannski að díoxín hegði sér öðruvísi á Íslandi en annars staðar. Kannski heldur hann að þetta sé tóm hystería í vísindamönnunum og hann viti ekki til þess að neinum hafi orðið meint af svolitlu díoxíni. Kannski heldur hann að þetta sé áróður hjá Greenpeace. Kannski heldur hann að hér á landi sé svo mikið rok að það verði engin mengun.

Það er ekki gott að vita hvernig bæjarstjórar hugsa. Hitt er annað mál að ekkert bendir til annars en að díoxín sé jafn mikið eitur hér á landi og það er annars staðar. Og við sem snæðum oft lambakjöt höfum sennilega fengið þetta eitur inn í okkur í einhverjum mæli því að sennilega hafa blessuð lömbin trítlað um og bitið gras og jurtir í grennd við sorpbrennslustöðvarnar í Skutulsfirði og á Kirkjubæjarklaustri, þar sem díoxín í útblæstri reyndist vera 95 sinnum yfir viðmiðunarmörkum og á Svínafelli í Öræfum þar sem díoxínið hefur ekki einu sinni verið mælt. Að sögn.

Skítt með okkur neytendur og venjulega Íslendinga; sorpiðjuhöldunum um dreifðar byggðir landsins verður sennilega alltaf hjartanlega sama um díoxíninntöku okkar. Hitt skilja þeir kannski: Íslenskur landbúnaður á sér aðeins eina von í þessum heimi, hvort sem við göngum í Evrópusambandið eða göngum í Asíu eins og forsetinn vill eða höldum áfram þrotlausri en vonlítilli markaðssetningu lambakjöts í Bandaríkjunum: aðeins eina von: að vera hreinn. Að útlendingar haldi að minnsta kosti að hann sé hreinn.

En ekki einhver heimatilbúin díoxín-drulla.

AF NETINU

Gott á pakkið

Las loksins Gott á pakkið, ævisögu Dags Sigurðarsonar, eftir einhvern Níels Rúnar Gíslason, bók sem kom út 2008 og fæst örugglega á fínu verði í Perlunni um þessar mundir. Ágæt bók. Ég kannaðist lítillega við Dag, maður sat kannski með honum á skjálftavaktinni á Mokka undir það síðasta og svo kom ég nokkrum sinnum í Fagrahvamm þar sem hann bjó með Einari Melax sirka 1985. Myndirnar og ljóðin hans er mjög fínt stöff og það var ágætt að lesa þessa sögu til að fá bakgrunnsupplýsingar um manninn sjálfan, æviferil og basl. Dagur var mikill meistari og næs gaur, en náttúrlega helvítis fyllibytta. Og fullar fyllibyttur eru ekkert skemmtilegar, nema auðvitað að maður sé blindfullur líka.

www.this.is/drgunni/gerast.html

Gunnar Lárus Hjálmarsson

Mistök að hætta eftir EES

Ef við ætlum að reisa Ísland upp úr rústunum, verður það ekki gert með skammtíma „þetta reddast leiðum“ með sveiflum á gengi íslensku krónunnar og agalausri efnahagsstjórn. Það voru mikil mistök hjá íslenskum stjórnvöldum að halda ekki áfram á þeirri leið sem mörkuð var með inngöngu í EES með frekari tengslum við evrópska efnahagsstjórn.

Um síðustu aldamót lá fyrir að uppbygging íslensks atvinnulífs var ekki afmörkuð við Ísland og taka yrði á gjaldmiðilsmálum. Stjórnmálamenn gleymdu sér aftur á móti í flóði erlends fjármagns sem streymdi til landsins vegna hárra vaxta hér á landi og misstu algjörlega fótanna.

http://gudmundur.eyjan.is/

Guðmundur Gunnarsson

LAGERHREINSUN

Rýmum fyrir nýju sumarvörunum
Eldri vörur á miklum afslætti
Aðeins í örfáa daga

Spinnhjól á hálfvirði
Veiðistangir á hálfvirði
Neoprenvöðlur á hálfvirði
Veiðijakkar með 60% afslætti
Fleece jakkar frá 2.995
Tvíhendupakkar á 39.900
Fluguhjól á hálfvirði
Valdar haglabyssur á mikið lækkuðu verði
Örfáir rifflar á mikið lækkuðu verði

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050
MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA - 10 TIL 18 - LAUGARDAGA - 10 TIL 16

Að standa í lappirnar

Icesave

Vésteinn Ólason
fv. forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar

Lögmaður hlynntur því að þjóðin hafni Icesave-lögunum sagði í Kastljósi að siðaðar þjóðir færu með mál sín fyrir dómstóla. Flestir lögmenn telja þó betra að semja um mál, og siðaðar þjóðir standa við yfirlýsingar sínar. Allt frá hruni hafa ríkisstjórnir Íslands (og reyndar forsetinn) sagt að Ísland vilji semja um Icesave. Þeir sem ætla að hafna samningnum nú vilja ekki semja. Þeir tala um áhættu af að semja en þegja um áhættuna af að semja ekki. Lögmaðurinn sagði einnig að Íslendingar ættu ekki að beygja sig fyrir hótunum um ofbeldi. Er það ofbeldi að nenna ekki að tala við þá sem ekki er hægt að semja við, að vilja ekki lána þeim sem ekki standa við orð sín? Icesave-skuldin er annars eðlis en þær skuldir óreiðumanna sem útlend fyrirtæki og stofnanir verða að taka á sig og skipta þúsundum milljarða króna.

Dapurlegt er þegar ungt fólk fellur fyrir kokhraustri þjóðrembu af því tagi sem einkenndi tal útrásarvíkinga og málsvara þeirra. Þegar lagt er mat á tilgang þeirra sem harðast berjast gegn samningnum er hollt að muna orð varaformanns Sjálfstæðisflokksins, sem taldi drengilegra að hugsa um þjóðarhag en nýja leiki í baráttu gegn ríkisstjórninni.

> Dapurlegt er þegar ungt fólk fellur fyrir kokhraustri þjóðrembu af því tagi sem einkenndi tal útrásarvíkinga og málsvara þeirra.

Nú kemur til kasta 44 alþingismanna að útskýra fyrir þjóðinni sem kaus þá hvers vegna þeir samþykktu þennan nýja samning. Ef þeir draga lappirnar í umræðunni verða áreiðanlega margir sem ekki nenna á kjörstað í næstu alþingiskosningum. Vitlausasta hugmynd sem komið hefur fram — og kemur þó ekki á óvart úr þeirri átt — er tillaga Þórs Saari að hvorki alþingismenn né samningamenn megi tjá sig í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Þetta eru þó þeir sem hafa lagt mesta vinnu í að kynna sér málið. Sú þjóð stendur ekki í lappirnar sem reynir að komast hjá því að standa við orð sín. Þeir sem standa við orð sín standa í lappirnar.

Hatur punktur is

Þjóðmál

Svavar Gestsson
fv. þingmaður, ráðherra og sendiherra

Hatursumræðan í íslenskum stjórnmálum er skelfileg. Að einhverju leyti á þetta sér skýringar í hruninu. Þar eru erfiðar ástæður vonbrigða og reiði. En hrunið mega menn samt ekki nota til þess að afsaka ofbeldistóninn í umræðunni.

Hatrið einkennir sum blaðaskrif um þessar mundir, jafnvel heilu útvarpsstöðvarnar og sjónvarpsþættina að sögn að ekki sé minnst á bloggskólpið. Þetta er alvarlegt vegna þess að þjóðin þarf að finna farsæla niðurstöðu með samtölum en ekki öskrum. Þetta er brýnna nú eftir hrunið en nokkru sinni fyrr.

Málaflokkarnir sem þurfa heiðarlega opna og íhugula umræðu eru hvarvetna.

Einn er stjórnskipun landsins sem er í mikilli óvissu um þessar mundir. Vilji er til að sameina hugina til endurbóta, en hverjar eiga endurbæturnar að verða? Til að vita það þarf fólk að tala saman. Það þarf að finna leið sem sameinar hina nýju möguleika lýðræðisins á fésbókunum og internetinu því sem er óhjákvæmilegt til að tryggja skýrar og markvissar niðurstöður umræðunnar. Það þarf að skapa frelsi til þess að tala og gera tillögur en líka frelsi til að komast að niðurstöðum. Samfélag verður aldrei leitt til farsældar öðru vísi en með niðurstöðum eftir eðlileg og opin skoðanaskipti. Annars endar umræðan í tómagangi og vonbrigðum. Nú virðist loksins samstaða um að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur sem við mörg okkar höfum barist fyrir áratugum saman. Þjóðin virðist vilja að þau mál verði ekki í höndunum á einum manni og þessi eini maður segist reyndar vera þreyttur á því að hafa svona ferlega mikla ábyrgð.

FRAMKVÆMDIR VIÐ SUÐURLANDSVEG Greinarhöfundur fjallar meðal annars um atvinnumál í grein sinni og bendir á að hatursumræða um einstaklinga skapi ekki atvinnu. Það leysi ekki vanda atvinnulausra að rækta hatrið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Annar málaflokkur sem þarf að ræða vel eru atvinnumál. Þar virðast sumir halda að eina lausnin sé fólgin í því að byggja sem flest álver. Þó liggur fyrir að það hentar ekki orkulindum okkar. Þá er að horfast í augu við það. Hatursumræða um einstaklinga skapar ekki atvinnu. Þeir sem þekkja atvinnuleysi sjálfir eða úr fjölskyldum sínum vita að það er alvarlegt og sárt fyrir þá sem því hafa kynnst. Það leysir ekki vanda þeirra að rækta hatrið. Nú vill svo til að umræðan um atvinnumál virðist opnari fyrir samstöðu um þessar mundir en nokkru sinni fyrr. Það eru ekki lengur alvarlegar deilur um einkaeign eða félagslega eign á fyrirtækjunum.

> Atvinnuleysið er ljótasta birtingarmynd auðvaldsþjóðfélagsins. Allir eiga rétt á atvinnu. Auk þess birtist í atvinnuleysinu fráleit sóun. Ekki á atvinnuleysisbótum heldur á arðinum af vinnuafli þeirra sem ekki fá vinnu.

Það eru ekki deilur um útlent eða innlent eignarhald. Það er deilt um það hvort þjóðin á að eiga auðlindirnar eða ekki en um það eru reyndar flestir sammála þegar betur er að gáð að þjóðin á að ráða yfir auðlindunum sem eigandi þeirra. Það eru engar alvarlegar deilur um að auðlindanýtingin eigi að vera sjálfbær – eða er það? Það er því engin ástæða til annars en að ætla að samstaða eigi að geta skapast um atvinnustefnuna enda sé auðlindanýtingin sjálfbær.

Atvinnuleysið er ljótasta birtingarmynd auðvaldsþjóðfélagsins. Allir eiga rétt á atvinnu. Auk þess birtist í atvinnuleysinu fráleit sóun. Ekki á atvinnuleysisbótum heldur á arðinum af vinnuafli þeirra sem ekki fá vinnu.

Þriðji málaflokkurinn sem deilt er um eru umhverfis- og auðlindamál. Svo virðist sem margir séu beinlínis andvígir því að ræða þann málaflokk öðruvísi en með stóryrðum um einstaklinga. Allt tryllist þegar reynt er að fá skorið úr lagaóvissu fyrir Hæstarétti. Ekki má gagnrýna það að stórfyrirtæki í orkuframleiðslu borgi fyrir óviðkomandi verkefni eins og gsm-síma og vegi. Greinilegt er reyndar að þeir sem reiðast eru sumir vanir því að ráða og reiðast af því að þeir ráða ekki lengur. En það er lýðræðisleg niðurstaða og þá er að vinna út frá því. Hatursræktun leysir heldur ekki þeirra vanda. Þeir sem vilja fara vel með umhverfið eru að hugsa um barnabörnin sín. Viljum við það ekki öll?

Þannig ber allt að þeim brunni að við eigum að geta náð samstöðu um þau stóru mál sem hér hafa verið nefnd án þess að opna fyrir hatursflóðin. Auðvitað eru ekki allir sammála. Auðvitað eru einhverjir sem vilja rækta hatrið af gömlum vana. En væri þá kannski sterkur leikur að þeir hinir sömu opnuðu sína eigin flóðgátt, eins konar sameiginlegt holræsi, nýjan vef: hatur.is? Því ekki?

Einhliða og villandi umfjöllum RÚV

Nímenningamálið

Karl M. Kristjánsson
starfsmannastjóri Alþingis

Þessi orð eru rituð af virðingu við þingverði Alþingis sem réðist var á 8. desember 2008. Fólk sem var haldið, hrint, meitt og þannig hindrað í störfum sínum, fólkið sem er enn að bíta úr nálinni eftir ofbeldið. Af tillitssemi við starfsmennina óskaði skrifstofustjóri Alþingis eftir lögreglurannsókn á atvikinu. Mestu um þá ákvörðun réð upptaka úr öryggismyndavél í anddyri við inngang að þingpöllum. Enginn maður með ærlegar tilfinningar getur horft á upptökuna án þess að fyllast ónotum, reiði og samúð í garð starfsmannanna. Fólk inni í húsinu heyrði öskur og svívirðingar í garð þeirra. Í læknaskýrslum og síðan í málsskjölum eru taldar upp margvíslegar líkamlegar afleiðingar allt frá mari og tognun upp í örorkumat. Þá eru ekki talin upp þau sálrænu eftirköst sem sumir starfsmenn bera. Þekkt er að afleiðingar átaka við hliðstæðar aðstæður eru verri fyrir þolendur en gerendur. Eins og eðlilegt er var bent á þær greinar í lögum sem fjalla um hliðstæð tilvik. Það var sett í hendur lögreglu og ákæruvaldsins hvort og hvernig kært yrði. Skrifstofustjóri Alþingis ber óskipta ábyrgð á velferð starfsfólksins og gat því ekki horft fram hjá atburðunum. Þáverandi forsætisnefnd hafði séð myndbandstökuna en gaf ekki heimild í þeim skilningi. Skrifstofustjóri bar einn ábyrgð á að óskað var rannsóknar.

Gestir hafa alloft komið á þingpalla og haft þar uppi háreisti og jafnvel hagað sér með ógnandi hætti. Fyrir það hefur aldrei verið kært þar sem ekki hefur áður verið beitt ofbeldi gagnvart starfsmönnum þingsins inni í Alþingishúsinu. Fólkið sem kom 8. desember átti greiða leið upp á þingpallana, engin óeðlileg hindrun var á vegi þeirra fyrr en þau sjálf gripu til tilefnislausrar valdbeitingar. Þessi atburður er einsdæmi. Þetta var ekki venjuleg heimsókn á þingpallana. Þetta var skipulögð árás á fólk, sem átti sér einskis ills von enda voru engin mótmæli í gangi á Austurvelli þennan dag.

Flestir þekkja framhaldið. Ríkissaksóknari ákvað á grundvelli lögregluskýrslu um málið að kæra níu einstaklinga. Umdeilt hefur verið eftir hvaða lagaákvæðum var kært. Dómur er fallinn og dómarar féllust á að valdi var beitt gagnvart starfsmönnum. Það var mikilvæg niðurstaða. Að öðru leyti sýnist sitt hverjum um dóminn. Margur virðist álíta það heppilegt til vinsælda, án þess að hafa kynnt sér málavexti, að tala um ofbeldisfólkið sem saklaus fórnarlömb svo að raunveruleg fórnarlömb líta út sem gerendur. Minnir óþægilega á meðferð fórnarlamba í öðrum ofbeldismálun þegar varnaraðilar gerenda eru þrautþjálfaðir í samskiptum við fjölmiðla.

Hér vil ég gera hlut ríkissjónvarpsins að sérstöku umfjöllunarefni. Stuðningsmenn nímenninganna svokölluðu og þau sjálf hafa nánast notað RÚV sem einkamiðil sinn. Lögmaður nokkurra ákærðu hefur fengið að fjalla einhliða um hlut skjólstæðinga sinna þar sem hallað er mjög á starfsfólk Alþingis, málið rangfært og aflagað.

Steininn tók úr þegar sjónvarpið birti þann 20. maí 2010 stutt valin brot úr upptöku frá atburðinum. Í myndinni var búið að fjarlægja þá kafla upptökunnar sem sýndu best hvernig ráðist var skipulega og með hörku á starfsmenn Alþingis. Upptakan í heild eða þar til lögreglan tekur við vörslu hússins er 2.47 mínútur en í myndbroti RÚV voru aðeins valdar rúmlega 30 sekúndur. Hvers vegna sýndi RÚV ekki myndbandið í heild? Ekki hefur skort tíma í umfjöllun um þetta mál hjá ríkisfjölmiðlunum. Allt jafnvægi hvarf úr umræðunni frá þessum degi. Búið var að hanna atburðarás og flestir héldu að hér kæmi sannleikurinn fram. Enda sýnt í sjálfu ríkissjónvarpinu. Skrifstofa Alþingis hafði fengið heimild persónuverndar til að birta upptökuna. En talið var ómálefnalegt að birta hana meðan málið var enn í dómsmeðferð. Á meðan dundi einhliða áróður í boði RÚV. Þegar þetta er skrifað hefur myndbandið enn ekki verið birt óklippt.

> Hvers vegna sýndi RÚV ekki myndbandið í heild? Ekki hefur skort tíma í umfjöllun um þetta mál hjá ríkisfjölmiðlunum.

Lögmaðurinn fagnaði því að ákærðu voru sýknaðir af broti gegn 1. mgr. í 100. gr. hegningarlaga. Í mínum huga skiptir mestu máli að dæmt var fyrir ofbeldi gegn samstarfsfólki mínu. Lögmaðurinn gerði lítið úr ofbeldinu, lítillega hafi verið ýtt við fólki. Í dómnum og atvikalýsingu kemur glöggt fram að þetta var sannarlega miklu meira, slíkur var ofsinn í stefndu strax í upphafi. Um kvöldið mætti lögmaðurinn, talsmaður stefndu, í sjónvarpið og fékk frítt spil eins og fyrri daginn. Hann túlkaði dóminn með sínum hætti án andsvara eða gagnrýninnar tilvitnunar í dóminn.

Hver ber ábyrgð á svona einhliða fréttahönnun þar sem útbúin var mynd af prúðu æskufólki sem heimsækir Alþingi til að nýta sér tjáningarfrelsið en verður fyrir árás vondra þingvarða?

Helst mátti skilja á ýmsum málsmetandi aðilum að þingverðirnir ættu að biðjast afsökunar á því að hafa látið berja sig. Þeir eiga fáa vini í þessu máli. Enginn hefur nefnt opinberlega að þau eigi afsökunarbeiðni skilið þrátt fyrir dóminn. Hins vegar verða þau ítrekað að þola svívirðingar og jafnvel morðhótanir fyrir það eitt að vinna fyrir Alþingi.

Ég hvet alla sem hafa áhuga á að kynna sér málið nánar að lesa dóminn þar má sjá greinargóða atvikalýsingu. Hann var kveðinn upp 16. febrúar 2011 og má finna hann á www.http://domstolar.is/domaleit.

exquisit

GSP-7009
Aðeins 45 cm breið uppþvottavél
með 6 þvottakerfum
og val milli 4 hitastiga
- 3xA einkunn
- Framstillt ræsing möguleg
- HxBxD: 85x45x58 cm
- Verð áður kr **79.900**

3xA EINKUNN

45 CM BREIÐ

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **59.900**

AEG

F-45003 / F-45003M
Vönduð og hljóðlát AEG uppþvottavél. Fæst í stáli eða hvítu.
- **6 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi
- 5 hitastig 45-70°C
- Án toppplötu
- Verð áður kr **134.900/144.900**

3xA EINKUNN

49 DESIBIL

HVÍT
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú **99.900**

STÁL
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú **114.900**

7 KG

1400 SNÚNINGA

Grínverð!

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **89.900**

Electrolux

EWF-147110 Þvottavél
Sparneytin þvottavél sem tekur allt að 7 kíló af taui. Eldsnögg að þvo og einföld í notkun.
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
  Notar 20% minni orku en áður
- **Time Save hraðval,** þú ákveður þvottatímann, 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **Seinkun** á gangsetningu möguleg
- Stórt 30 cm hurðarop
- A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- **Mörg sérkerfi** s.s. ullarkerfi og handþvottur
- Verð áður kr **119.900**

7 KG

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **89.900**

Electrolux

EDC-47100 Barkalaus þurrkari
Barkalaus þurrkari með fullkomnum rakaskynjara og fjölmörgum sérkerfum fyrir mismunandi fatnað
- Tekur allt að **7 kg af taui**
- **Mörg sérkerfi** fyrir bómullar- og gerviefni
  Stór lúga 40x31,5 cm
- **Krumpuvörn** og niðurkæling
- Snýst til beggja átta
- **Hljóðmerki í lokin**
- Hægt að stilla gangsetningu fram í tímann 3, 6 eða 9 klst.
- Verð áður kr **119.900**

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **69.900**

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **44.900**

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **39.900**

exquisit

KGC-270/70 kæli-/frystisk.
- Kælir 139 ltr og frystir 68 ltr
- Orkuflokkur A
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 151x55x58 cm
- Verð áður kr **84.900**

exquisit

GT-111 Frystikista
- 95 lítra frystikista í A+
- Hitastillir
- 1 grind fylgir
- HxBxD: 86x54x54,5 cm
- Verð áður kr **59.900**

GS-11A Frystiskápur
- 80 lítra frystiskápur
- Orkuflokkur A
- HxBxD 84x55x56 cm
- Verð áður kr **59.900**

UPP MEÐ GÓÐA SKAPIÐ!

NIÐUR MEÐ VERÐIÐ

Allar gerðir og merki af ryksugum
með 25% afslætti núna!

25%

AFSLÁTTUR AF RYKSUGUM

Electrolux

ERL-6298XX
- Tvöfaldur kæli- og frystiskápur með klakavél
- Kámfrítt stál, stálhandföng
- Mismunandi kælisvæði fyrir kjöt/fisk/grænmeti
- HxBxD: 176x90.5x68 cm
- Verð áður kr **549.900**

Toppmódel!

ÞÚ SPARAR 150.000

Verð nú **399.900**

Electrolux

ELK-12022HV
Mjög vönduð eldavél með ekta blástursofni og keramik helluborði
- Ekta heitur blástur
- Alls 8 eldunarkerfi
- Hraðhellur
- Sjálfhreinsandi ofn
- Kæld þriglerjuð hurð
- 2 plötur, 1 ofnskúffa og 1 grind
- HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- Verð áður kr **159.900**

Grínverð!

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **129.900**

exquisit

EKC-30F Keramik helluborð
Með 4 High Light hraðhellum
- Snertitakkar
- Barnalæsing
- Ávalur glerkantur
- Verð áður kr **64.900**

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **49.900**

Electrolux

EOB-67000X Innbyggður ofn
Toppmódel með **sjálfhreinsibúnaði**, snertitökkum og kjöthitamæli. Allt sem til þarf.
- **10 eldunarkerfi** þ.á.m. heitur blástur, pizzakerfi, grill og affrysting
- **Katalískur sjálfhreinsibúnaður**
- **Kjöthitamælir** sem sýnir kjarnhita á skjá
- Klukka
- Kæld ofnhurð með þreföldu öryggisgleri
- Tvöföld lýsing 2x25W
- Burstað stál með fingrafaravörn
- Verð áður kr **169.900**

Toppmódel!

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **139.900**

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

SVEN OLOF PALME (1927-1986), forsætisráðherra Svíþjóðar, var myrtur þennan dag.
„Fyrir okkur er lýðræði spurning um mannlega reisn og mannleg reisn er pólitískt frelsi.“

Merkisatburðir 28. febrúar

1854 Repúblikanaflokkurinn í Bandaríkjunum stofnaður.

1909 Alþjóðlegur baráttudagur kvenna haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti.

1920 Þilskipið Valtýr ferst og með því þrjátíu manns fyrir sunnan land.

1941 Belgíska flutningaskipið Persier, 8.200 lestir, strandar á Dynskógafjöru austan Hjörleifshöfða. Skipið næst út og er dregið til Reykjavíkur, en brotnar í tvennt í fjörunni við Kleppsvík.

1950 Breska olíuflutningaskipið Clam strandar við Reykjanes. Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík bjargar 23 mönnum en 27 farast, flestir þeirra frá Kína.

1953 James D. Watson og Francis Crick tilkynna vinum sínum að þeir hafi leyst gátuna um byggingu DNA-sameindarinnar.

2003 Kvikmyndin Nói albinói eftir Dag Kára Pétursson frumsýnd.

ÞETTA GERÐIST: Í LOK FEBRÚAR 1886

Álið var uppgötvað

Um þessar mundir eru 125 ár liðin frá því hinn 22 ára bandaríski háskólanemi Charles Martin Hall uppgötvaði álið. Við það urðu merkileg tímamót í iðnaðarsögu heimsins. Charles Martin Hall sendi rafstraum í gegnum bráðnaða krýólít-súrálslausn og afurðin varð kubbur sem hann molaði niður með hamri. Hann var þá með í höndunum litlar kúlur úr hreinu áli. Þar með var kominn lykillinn að álframleiðslu eins og við þekkjum hana nú.

Þetta varð til þess að Hall stofnaði álfyrirtækið Pittsburgh Reduction Company árið 1888. Nokkrum árum síðar var nafni fyrirtækisins breytt í Alcoa Inc.

Í tilefni þessara tímamóta ætlar Alcoa Inc. að minnast uppfinningar Charles Martins Hall með fjölmörgum uppákomum víða um lönd. Meðal annars að gróðursetja tré á 125 stöðum um allan heim til að fagna afmælinu.

Kötlufróðleikur fluttur í Öskju

Senn bryddir á Barða nefnist fræðsluerindi um eldfjallið Kötlu sem Bergrún Arna Óladóttir jarðfræðingur heldur í dag klukkan 17.15 í Öskju, húsi náttúrufræðinga. „Þetta verður bara létt samantekt um Kötlu gömlu en ekki stórvísindalegt jarðfræðierindi,“ segir Bergrún Arna glaðlega. „Ég er búin að safna saman einhverjum upplýsingum um gossöguna bæði á sögulegum tíma og forsögulegum tíma og fer yfir þær á hálfgerðu hundavaði.“ Titil erindisins kveðst hún sækja í gamla þjóðsögu um stórbrotna vinnukonu í Þykkvabæjarklaustri sem Katla hét en því verður ekki ljóstrað upp hér hvernig sú saga fer.

Bergrún Arna er uppalin í Vestur-Skaftafellssýslu og viðurkennir að hafa gruflað talsvert í Kötlu gegnum tíðina, meðal annars gert um hana mastersverkefni.

Fræðsluerindið heldur Bergrún Arna á vegum Hins íslenska Náttúrufræðifélags.

-gun

BERGRÚN ARNA „Þetta verður bara létt samantekt um Kötlu gömlu,“ segir hún.

NÝR FORSTÖÐUMAÐUR SALARINS: KEMUR ÚR SVIÐSLISTAGEIRANUM

Oft spurt eftir Færeyingnum

„Ég sá þessa stöðu auglýsta og sótti um. Mér fannst þetta spennandi starf sem ég ætti erindi í,“ segir Aino Freyja Jarvela, nýráðinn forstöðumaður Salarins í Kópavogi, spurð hvernig það hafi komið til að hún fékk starfið. „Ég kem reyndar ekki úr tónlistargeiranum heldur sviðslistunum, er menntuð leikkona, sem tók hagnýta fjölmiðlun í H.Í. eftir að ég kom heim frá leiklistarnámi í Bretlandi og síðan MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík síðastliðið vor. Ég hef verið í alls konar framkvæmdastörfum fyrir ýmsa leikhópa, var ein af stofnendum dansleikhússins Með ekka og var starfandi formaður Sjálfstæðu leikhúsanna í nokkur ár, þannig að ég fer úr baráttu fyrir listamenn og yfir í framkvæmdastjórastöðu í svona sal. En mér finnst þetta mjög spennandi verkefni, þar sem ég veit að tónlistarmenn hafa mikið fram að færa og hér er rétti vettvangurinn.“

Nafn Aino Freyju er ekki dæmigert íslenskt nafn, hvaðan kemur það? „Það er finnskt, ég er finnsk í föðurættina, en hef búið á Íslandi frá þriggja ára aldri og lít nú bara á mig sem Íslending. Nafnið vefst þó fyrir fólki, það er hringt hérna og spurt um Færeyinginn og spurt hvort ég tali íslensku, mjög fyndið.“

Verða einhverjar breytingar á starfsemi Salarins með nýjum forstöðumanni? „Það verða náttúrulega alltaf einhverjar breytingar og reyndar hafa orðið hér töluverðar breytingar undanfarið, áður en ég tók við. Í upphafi var þetta hugsað sem vettvangur fyrir klassíska tónlist, en þeim tónleikum hefur fækkað verulega á síðustu árum og í tíð forvera míns, Elísabetar Sveinsdóttur, var húsið opnað meira fyrir alls konar tónlist. Þannig hafa orðið fjölbreyttari viðburðir í Salnum og því munum við halda áfram, en mig langar til að styrkja klassíska hlutann aftur,“ segir Aino Freyja.

Meðal þeirra tónleika sem boðið verður upp á í Salnum fram eftir vori má nefna tónleika Herdísar Önnu Jónsdóttur og Semjons Skigin þann 5. mars, þar sem þau flytja blómatóna inn í vorið. Þann 27. mars spila Aladár Rácz og Helga Bryndís Magnúsdóttir á tvö píanó verk eftir Mozart, Chopin, Ravel og fleiri. Bryndís Halla Gylfadóttir og Edda Erlendsdóttir flytja verk fyrir selló og píanó þann 9. apríl en lokatónleikar Tíbrárraðar vetrarins verða söngónleikar þann 16. mars í flutningi Sigríðar Óskar Kristjánsdóttur, Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Bryndísar Höllu Gylfadóttur.

fridrikab@frettabladid.is

KLASSÍSKUR SALUR „Mig langar til að styrkja klassíska hlutann aftur,“ segir Aino Freyja Jarvela, nýr forstöðumaður Salarins í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Sonur minn og bróðir okkar

Ævar Gíslason

Vanabyggð 2f Akureyri

lést 23. febrúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 2. mars kl.13.30

Elín Sigurjónsdóttir
Kári Gíslason
Árni Gíslason
og fjölskyldur

†

Elsku frænka okkar,

Ragna Sigurbjörg Guðmundsdóttir Norðdahl

hjúkrunarkona,

er látin. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 1. mars kl. 13.00.

Margrét Pálsdóttir
Norma Norðdahl

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Sígildar myndir sýndar í Háskólabíó

Stórmynd Stevens Spielberg, Listi Schindlers er kvikmynd Mánudagsbíós Háskóla Íslands og Háskólabíós í kvöld.

Mánudagsbíóið er nýlegt framtak Háskóla Íslands og Háskólabíós, í tilefni af aldarafmæli HÍ og hálfrar aldar afmæli kvikmyndahússins, og hefur það hlotið góðar viðtökur. Til stendur að sýna klassískar perlur kvikmyndanna. Myndirnar verða sýndar í Stóra salnum á mánudögum og hver þeirra aðeins sýnd einu sinni. Síðasta mánudag voru kvikmyndir Krzysztof Kieslowski, Blár, Hvítur og Rauður sýndar.

Miða er bæði hægt að kaupa á midi.is og í miðasölu Sinfóníunnar en allar upplýsingar um sýningar fram undan er að finna á heimasíðunni hi.is/mandudagsbio. Miðaverð er 300 krónur.

- jma

Í TILEFNI AFMÆLIS Klassískar kvikmyndir eru sýndar á mánudögum í Háskólabíói um þessar mundir í tilefni af afmæli Háskóla Íslands og Háskólabíós.

Nini Violette á heiðurinn að þessu skrautlega og skemmtilega handmálaða postulínstelli. Á bloggsíðu Nini, /nini-violette.blogspot.com, má skoða alls kyns muni sem þessi hæfileikaríka listakona hefur dundað sér við að gera.

Til leigu í Skútuvogi 1h

Skrifstofuhúsnæði 164 - 188 fm

Um er að ræða gott skrifstofurými sem er 164 fm mögulega 188fm að stærð.
Góð lofthæð er í plássinu og í miðju rýminu eru þakgluggar sem gefa góða birtu.
Steinteppi á gólfum, nýuppgert.
Miklir möguleikar.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvogi 1 h– Barkarvogsmegin.
Upplýsingar gefur Kjartan í s: 585-8902 / 894-4711.
e-mail : kjartan@jarngler.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

512 50 50 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

Gunnar Magnússon húsagagnahönnuður sýnir húsgögn frá 1961 til 1978 í Hönnunarsafni Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

;HEIMILI | 4

Einfaldleikinn erfiðastur

Ég teiknaði hann og smíðaði sjálfur og einungis tvö eintök eru til. Það er ekki auðvelt að gera góða hönnun og einfaldleikinn er erfiðastur.

Það kom að því að ég varð að taka ákvörðun um hvort ég ætlaði að vera eða fara. Ég ætlaði mér aldrei að ílengjast í Danmörku með fjölskylduna," segir Gunnar Magnússon húsgagnahönnuður en hann nam húsgagnahönnun í Kaupmannahöfn í byrjun sjöunda áratugarins. Strax að námi loknu vakti Gunnar eftirtekt gagnrýnenda í Danmörku og átti velgengni að fagna ytra. Hann flutti heim árið 1963 og segir það hafa verið viðbrigði að koma til Íslands þar sem engin hefð var fyrir hönnun.

„Ég var eins og fiskur á þurru landi. Það var enginn skilningur á svona starfsemi hér. Vaninn var að kaupa erlend módel og smíða eftir þeim. Jarðvegurinn var erfiður þá og er kannski enn," segir Gunnar.

Ferill hans rann þó af stað hægt og bítandi og verkefnin tíndust inn „Þetta var sígandi lukka," segir hann en á yfir fjörutíu ára starfsferli teiknaði Gunnar húsgögn og innréttingar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir, endurgerði hurð Alþingishússins og hannaði skákborðið fyrir „einvígi aldarinnar", eins og segir í sýningarskrá Hönnunarsafns Íslands. Einnig vann Gunnar að hönnun innréttinga í skip og flugvélar, tók þátt í fjölda sýninga og kenndi um árabil við Iðnskólann í Reykjavík.

Eftir langan feril eru húsgögn Gunnars orðin æði mörg og sum frægari en önnur. Þegar hann er inntur eftir sínu uppáhalds húsgagni segir hann lokaverkefni sitt úr náminu, Kirkjustólinn svokallaða, standa sér næst.

Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

SAGA

Stærð	Verð áður	Verð nú
120x200	131.880 kr.	109.900 kr.

IQ-CARE

Stærð	Verð
120x200	164.900 kr.

10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Handverkhúsið er bæði verslun og þjónustufyrirtæki sem býður meðal annars upp á fjölbreytt vornámskeið í málm- og trévinnslu. Námskeiðin eru allt frá einu kvöldi upp í heilar helgar. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu þess, handverkshusid.is.

Byggingarefni skiptast í tvo flokka: náttúruleg og tilbúin. Náttúruleg efni eru þau sem hafa ekki verið unnin í iðnaði, eða þau sem hafa verið dálítið unnin, eins og timbur eða gler. Tilbúin efni eru framleidd með iðnvæddum aðferðum og hafa verið unnin af mönnum eða vélum, eins og plast eða málning byggð á jarðolíu. Gagnleg eru bæði náttúruleg og tilbúin efni.

wikipedia.org

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir.is

Friðriki Þór finnst sárt að horfa upp á húsið drabbast niður en hefur ekki fjármagn til að gera það upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Liggur undir skemmdum

Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmarður býr í gömlu húsi í miðbænum sem þarfnast viðgerða. Leikstjórinn getur hins vegar ekki fjármagnað verkið og á meðan liggur húsnæðið undir skemmdum.

„Húsið hefur ekki verið snert að utan síðan árið 1933 og það þarfnast mikilla endurbóta eins og gefur að skilja. Það er klætt skeljasandi en það eru miklar sprungur í útveggjum, svo húsið lekur og alle græjer," segir kvikmyndaleikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson, sem býr í gömlu húsi í miðbænum, sem hefur ekki verið gert við síðan það var byggt árið 1933 og þarfnast endurbóta.

Knud Zimsen, fyrrum borgarstjóri í Reykjavík, byggði húsið á sínum tíma og bjó í því til dauðadags árið 1953. „Þá eignaðist Háskóli Íslands húsið og einhvern tímann hýsti það sendiráð Sovétríkjanna," telur Friðrik upp, sem festi sjálfur kaup á þessu steinsteypta tveggja hæða draumahúsi 2002. „Ég gerði það þá upp að innan. Missti það reyndar árið 2005 en keypti það aftur rétt fyrir hrun."

Friðrik Þór hefur mikinn áhuga á að gera húsið upp en það er aðeins eitt sem vantar upp á. „Ég á enga peninga," segir hann og hlær. „Ég er með gengistryggt lán á húsinu sem á enn eftir að endurreikna og á meðan geri ég ekki neitt. Ég held að margir í miðbænum séu í svipaðri stöðu og á meðan liggja menningarverðmæti undir skemmdum," segir hann og bætir við að Besti flokkurinn hljóti hins vegar að gera húsið sitt að safni fyrr en seinna.

Knud Zimsen byggði húsið 1933 sem var um tíma í eigu Háskóla Íslands.

Er þá erfiðara að fá lán til viðgerða á húsinu en styrki til kvikmyndagerðar? „Ég held að það sé jafn erfitt í dag," svarar hann þá.

- uhj

VIÐ OPNUM ÞÉR NÝJAR DYR

Áltak hefur nú tekið við sölu á LEBO innihurðum. LEBO hurðirnar eru þýskar, yfirfeldar með samlokukörmum.

Í boði eru þrjár gerðir á lager, eikarspónn, hvítlakkað og CPL- eik í flestum stærðum, einnig getum við boðið í sérpöntun ýmsar gerðir t.d. fulningahurðir, hurðir með eða án glers, rennihurðir og glerhurðir.
Bjóðum einnig EI30 (B30) eldvarnarhurðir

Kynningarverð á hurðarhúnum Fimet

103_236

131_236

114,2_231

102_236

Hvítt

Eik Natur

CPL EIK



Karmar

LEBO DOORS & FRAMES

ÁLTAK
Fossaleyni 8
Sími: 577 4100
www.altak.is

Sölustjórarnir Rúnar Bridde og Bjarni Þórarinn Sigurðsson eru sérlega ánægðir með hvernig árið hefur byrjað. Þeir gátu ekki á sér setið og lyftu af því tilefni félaga sínum Karli S. Óskarssyni sem hafði gaman af.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erum bjartsýn á framhaldið

Bílamarkaðurinn á Íslandi er að taka við sér. Sölustjórar Ingvars Helgasonar og B&L finna fyrir meiri bjartsýni enda vorið handan við hornið.

„Já, við erum bara bjartsýnir á það sem er fram undan“ segja sölustjórar Ingvars Helgasonar og B&L, í stuttu spjalli um horfurnar hjá Ingvari Helgasyni og B&L. „Við erum búnir að ganga frá samningum um sölu á rúmlega 400 bílum til bílaleiga og höfum á undanförnum vikum kynnt margar gerðir af nýjum bílum í öllum stærðar- og verðflokkum. Viðbrögðin hafa verið mjög góð frá viðskiptavinum sem vilja nýta sér gott verð á bílum, sem lækkaði um áramót, og hagstæð kjör á bílalánum sem nú bjóðast. Þar að auki hafa framleiðendur okkar flestir sýnt ástandinu skilning með því að bjóða okkur gott verð sem við getum með vissu sagt að sé með því hagstæðasta sem er í boði,“ segir Rúnar H. Bridde, sölustjóri Nissan og Subaru, og þeir Bjarni Þ. Sigurðsson, sölustjóri Hyundai og Renault, og Karl S. Óskarsson, sölustjóri BMW og Land Rover, taka undir.

Vörugjaldabreytingarnar sem urðu um áramót gerðu umboðunum kleyft að lækka verð umtalsvert á mörgum bílum, meðal annars vinsælum lúxusbílum svo sem BMW. Þetta er vegna afar lágra CO2 -gilda í útblæstri bílanna.

„Við erum líka stolt og ánægð yfir að hafa komist í gegnum versta ástandið. Við áttum okkar erfiðu tíma þegar við þurftum að segja upp mörgu góðu starfsfólki til að komast í gegnum erfiðustu skaflana, en í dag er fólkið okkar fullt af anda uppbyggingar og tilbúið til að leggja mikið á sig til að koma verkefnunum í farveg og veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu,“ segir Bjarni. „Margir hafa átt erfitt en nú horfir til betri vegar og við finnum fyrir meiri bjartsýni, enda vorið rétt handan við hornið,“ bætir Karl við að lokum.

● 1.500 GESTIR Á EINNI HELGI OG 27% MARKAÐSHLUTDEILD Starfsfólk B&L og Ingvars Helgasonar er afar ánægt með hlutdeild sína það sem af er árinu. „Við höfum haldið þrjár sýningar og fengið þúsundir viðskiptavina til að koma og skoða nýju bílana sem við höfum verið að kynna. Salan það sem af er ári hefur svo til eingöngu verið til einstaklinga og eftirspurnin verið stöðug og jöfn,“ segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri umboðsins.

Eftir stendur að fyrirtækið er komið með rúmlega 16% hlutdeild það sem af er árinu og 27% markaðshlutdeild það sem liðið er af febrúar.

● HAGSTÆÐ KJÖR Á BÍLALÁNUM Núna standa viðskiptavinum til boða óverðtryggð lán sem bera undir 9% fasta vesti og hafa kjör á óverðtryggðum lánum ekki verið hagstæðari í langan tíma. Viðskiptavinir sem taka lán núna geta líka treyst því að afborganirnar verða nokkuð stöðugar og sveiflast ekki óeðlilega mikið upp þótt verðbólga hækki tímabundið. Lánshlutfall getur almennt ekki orðið hærra en sem nemur 70% af verði bílsins.

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · NISSAN · ISUZU D-MAX · RENAULT

SUZUKI Way of Life!

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?

LÆKKAÐ VERÐ
Verð frá kr. 2.380.000
Metsölubíllinn
SUZUKI SWIFT

LÆKKAÐ VERÐ
Verð frá kr. 2.250.000
Borgarbílinn
SUZUKI SPLASH

LÆKKAÐ VERÐ
Verð frá kr. 1.790.000
Sparibaukurinn
SUZUKI ALTO

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Feb. 2011

Þorbergur segir von á Grand Vitara með stærri vél og lengri og sparneytnari Suzuki Swift. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fólk hugsar sig betur um

Sparneytnir fólksbílar þykja eftirsóknarverðir í dag og hjá Suzuki fást þeir í nokkrum gerðum.

Sparneytni hefur löngum verið eitt af aðalsmerkjum Suzuki-bíla sem þykir aðlaðandi kostur nú þegar bensínverð nær sífellt nýjum hæðum. Þorbergur Guðmundsson, sölustjóri Suzuki bíla, segir söluna heldur rólega en að hún sé þó talsvert að aukast. „Fólk á bílana sína lengur nú en áður og hugsar sig betur um sem er eðlilegt í svona árferði.“

Auk Passats fást Touran-fólksbíll og Caddy-sendibíll metanknúnir.

„Frammistaða metanbíls er alveg jafn góð enda er þetta nákvæmlega sami bíllinn með sömu 150 hestafla vélina, en hann gengur bæði fyrir bensíni og gasi. Eldsneytistankarnar taka það mikið eldsneyti, að það tryggir bílnum mjög góða langdrægni í akstri," segir Marinó.

Toyota Prius er kjörinn borgarbíll. Orkan sem verður til við hemlun breytist í rafmagn og með því sparast bensínið.

Lexus CT 200h verður kynntur hér á landi 12. mars.

Bæði knúnir bensíni og rafmagni

Á tímum umhverfisvitundar og síhækkandi verðs á eldsneyti er gott að til eru bílar með lítinn útblástur sem eyða innan við fimm lítrum á hundraðið í innanbæjarakstri. Toyota sér um það.

„Aðaláherslan hjá Toyota um þessar mundir er á hina svokölluðu tvinnbíla sem bæði eru knúnir bensíni og rafmagni. Toyota Prius er leiðtoginn í þeirri þróun, hann kom fyrst á markað 1997 og hefur rækilega sannað gildi sitt því þriðja kynslóð hans er komin á götuna," segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota. Hann segir Toyota og Lexus hafa selt þrjár milljónir slíkra bíla víða um heim og að hér á landi hafi milli 500 og 600 slíkir bílar selst. Reynslan sé góð. „Orkan sem verður til þegar bremsað er breytist í rafmagn sem bíllinn nýtir sér þegar tekið er af stað og sparar þannig eldsneytið," lýsir hann. Mæling á bensíneyðslu sem var gerð á Toyota Prius tvinnbíl í innanbæjarakstri sýndi eyðslu upp á 4,47 lítra á hundraðið. Þá var tankurinn fylltur og miðbæjarrúnturinn ekinn aftur og aftur þar til bensínið kláraðist. Alls voru keyrðir rúmlega 1000 kílómetrar með tvo fullorðna um borð og miðstöð og útvarp á. Stoppað var 2.300 sinnum og tekið jafnoft af stað. Niður Laugaveginn var lekið hljóðlaust á rafmagninu þannig að ekkert var mengað þar sem fjöldinn var mestur af gangandi fólki.

Páll Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Toyota

Toyota Auris er annar bíllinn frá Toyota með þessari útfærslu að sögn Páls sem segir Toyota hafa boðað að fyrir árið 2020 verði hægt að kaupa allar gerðir Toyota bæði sem bensínbíla og tvinnbíla.

Lexus CT 200h er fyrsti lúxustvinnbíllinn í sínum stærðarflokki.

Lexus kynnir nýjan lúxustvinnbíl hér á landi 12. mars næstkomandi. Það er Lexus CT 200h. „Þessi bíll er hannaður sérstaklega fyrir kaupendur í Evrópu til að svara aukinni eftirspurn eftir umhverfisvænum lúxusbílum," segir Páll. Hann segir þetta fyrsta lúxustvinnbíllinn í sínum stærðarflokki og vera ætlaðan þeim sem vilja minnka rekstrarkostnað og útblástur án þess að slá af gæðakröfum. „Þetta er sportlegur bíll og sérlega fallegur á götu," fullyrðir hann.

Toyota Prius, sem hægt er að stinga í samband við rafmagn, er væntanlegur á markað í náinni framtíð, að sögn Páls og verður með stærri rafgeymi en sá sem nú er á götunni. Honum verður hægt að aka um 20 kílómetra á rafmagni á allt að 100 kílómetra hraða og við hönnun hans er tekið tillit til þess að um 80% daglegra ferða borgarbúa eru innan við 20 km samtals. „Þetta verður til þess að borgarfólk getur keyrt næstum allt á rafmagni, að því tilskyldu að hægt sé að hlaða bílana við vinnustaði, verslanir og víðar auk þess sem honum má stinga í samband við heimilisinnstungur," segir Páll. „Eftir sem áður verður hann búinn bensínvél og með alla eiginleika venjulegs bíls og hentar því ekki bara til borgaraksturs."

Ástandsskoðun á bremsum

Toyota býður ástandsskoðun á bremsum nú í mars, Toyotaeigendum að kostnaðarlausu, hjá viðurkenndum þjónustuaðilum fyrirtækisins um allt land. Einnig er í boði 20% afsláttur af bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá sömu aðilum.

„Við viljum koma til móts við þá bíleigendur sem sinna viðhaldi bifreiða sinna vel og þess vegna bjóðum við nú upp á ástandsskoðun á hemlum, viðskiptavinum að kostnaðarlausu." segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins

Á verkstæðum Toyota er tekið vel á móti bíleigendum.

NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞOLAKSTRI Á PRIUS:

Eknir km:	1.052
Aksturstími í klukkustundum:	55
Meðaleyðsla á 100 km:	4,47
Menn um borð:	2
Stoppað:	2.300 sinnum

Bensínlokið innsiglað af Ólafi Guðmundssyni áður en haldið var af stað í þolaksturinn.

Liðið á ástralska bílnum sem kallaður er Trev var kátt þegar það kom í mark í Genf í síðastliðinni viku.

Heimsreisu á rafbílum lokið

Heimsreisu þrigga umhverfisvænna farartækja lauk í Genf í Sviss á dögunum. Kepnnin gekk undir nafninu ZERO Race og var studd af Sameinuðu þjóðunum til að kynna umhverfisvæna orku.

Farartækin þrjú voru ástralskur bíll á þremur hjólum, bifhjól frá Þýskalandi og yfirbyggt mótorhjól frá Sviss. Lagt var af stað frá Genf 16. ágúst á síðasta ári og var stefnan sett á að komast hringinn um heiminn á áttatíu dögum. Það markmið náðist, en farartækin voru á ferðinni í áttatíu daga en með sjóferðum og hvíldardögum tók ferðin 188 daga í allt. Farin var 27 þúsund kílómetra leið í gegnum 16 lönd og 150 stórar borgir. Þeirra á meðal stórborgir á borð við Berlín, Kiev, Moskvu, Sjanghæ, Vancouver, San Fransisco, San Antonio, Cancun, Barcelona en ferðin endaði eins og áður sagði í Genf.

Helstu erfiðleikarnir sem ökumennirnir glímdu við var að hlaða farartækin á afskekktum stöðum en fjöldi sjálfboðaliða skiptist á að aka tækjunum.

Ferðin var skipulögð af Louis Plamer, brautryðjanda í hagnýtingu sólarorku. Hann vakti mikla athygli fyrir tveimur árum þegar hann fór um heiminn í 18 mánuði á leigubíl sem notaði sólarorku.

Nánar um ferðina á www.zerorace.com

● ORKUSETUR.IS Á vef Orkuseturs www.orkusetur.is er að finna upplýsingar um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar. Á síðunni er hægt að bera saman ólíkar tegundir bíla, hvað kostar að reka þær í ár með tilliti til bensíneyðslu og bifreiðagjalds. Á síðunni má finna út hvað bílferðin til Akureyrar eða víðar kostar. Þar má reikna út kolefnisútblástur mismunandi bifreiða, fá góð ráð varðandi viðhald og akstursslag og margt fleira.

● FRUMSÝNINGAR Í GENF Alþjóðlega bílasýningin í Genf í Sviss verður haldin í 81. sinn dagana 3. til 13. mars. Sýningin var fyrst haldin árið 1905. Í gegnum tíðina hefur þar litið dagsins ljós meirihluti farartækja heimsins en frumsýningar eru aðalsmerki sýningarinnar. Litið er á sýninguna sem samræðugrundvöll bílaframleiðenda heims enda þykir það kostur að Svisslendingar hafa varla nokkurn bílaiðnað sjálfir. Vefsíða sýningarinnar er á www.salon-auto.ch

Frá bílasýningunni í Genf í fyrra.

Óumdeilanlegir yfirburðir

Fréttablaðið er með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Enn eru yfirburðir Fréttablaðisins á dagblaðamarkaði staðfestir. Það sést greinilega á lestrartölum milli ára. Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.

Þess vegna les fólk frekar Fréttablaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2010.

Allt sem þú þarft...

Ekki lengra en *15 metrar*

Hinn 1. apríl næstkomandi ganga í gegn breytingar á sorphirðu í Reykjavík. Þær sorptunnur sem þarf að sækja lengra en 15 metra verða ekki sóttar nema gegn viðbótargjaldi.

Vegalengd milli sorpíláta og sorpbíla í Reykjavík má ekki vera lengri en 15 metrar frá og með 1. apríl næstkomandi. Mælingar standa nú yfir og þar sem fjarlægðin reynist of löng fá íbúar sent bréf þar sem úrræði eru kynnt.

Hægt er að kaupa þá viðbótarþjónustu að tunnurnar verði sóttar sé lengra en 15 metrar í þær og þarf að panta hana sérstaklega hjá borginni. Íbúar geta einnig dregið tunnurnar nær götunni þá daga sem sorpið er hirt og gengið frá þeim aftur. Sett hefur verið upp hirðudagatal á vef Reykjavíkurborgar þar sem íbúar geta séð hvenær sorpbíllinn verður á ferðinni. Þriðja úrræðið er að færa tunnurnar varanlega nær götunni og útbúa kringum þær sorpgerði.

Sorpgerði getur verið hvar sem er á lóð. Það má þó ekki valda öðrum truflun, til dæmis má ekki staðsetja það undir glugga hjá öðrum íbúum. Í einstaka tilfellum gæti þurft að leita álits hjá byggingafulltrúa, ef framkvæmdirnar eru stórvægilegar, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg.

Fréttablaðið fór á stúfana og myndaði mismunandi frágang á sorptunnum sem gefið gætu hugmyndir að lausnum þar sem nú er mánuður til stefnu.

heida@frettabladid.is

Unnið er að mælingum þessa dagana á vegalengd frá sorpbíl að sorptunnum. Þar sem lengra en 15 metrar eru á milli munu íbúar fá sent bréf þar sem úrræði eru kynnt.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íbúar geta fylgst með á vef Reykjavíkurborgar hvenær sorp er hirt í götunni, fært tunnurnar sjálfir að götunni og gengið frá þeim aftur.

Einfalt gerði eða skjólveggur kemur í veg fyrir að tunnan fjúki til og er tiltölulega einfalt í framkvæmd.

Hlaðið sorpgerði með lokaðri hurð er snyrtileg lausn.

SÉRHÆFÐIR Í VIÐHALDI UTANHÚSS

fagmenn.is
BYGGJUM - BREYTUM - BÆTUM
SÍMI: 552 5354

MollaSpace er fyrirtæki sem vinnur að því að koma ungum japönskum hönnuðum á framfæri. Á vefsíðunni www.mollaspace.com gefur þannig að líta á ýmis áhugavert úr smiðju hönnuðanna og þar á meðal þennan skemmtilega taupoka sem er tilvalinn undir góða vínflösku.

Panelveggir
og innréttingar
á hagstæðu verði.
Gerum tilboð í
heildarlausnir fyrir verslanir
og fyrirtæki
Breidd: 1200/2400 mm
Lengd: 2400/1200 mm
Plastkassar og krómhillur og hengi
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

Sýningin á verkum Gunnars stendur til 29. maí í Hönnunarsafni Íslands Garðatorgi 1.

Framhald af forsíðu

„Þetta er einfaldur stóll sem hrópar ekki á neinn. Ég teiknaði hann og smíðaði sjálfur og einungis tvö eintök eru til. Það er ekki auðvelt að gera góða hönnun og einfaldleikinn er erfiðastur," segir Gunnar og telur Íslendinga eiga enn langt í land með að bera skynbragð á góða hönnun.

„Það vantar krítiska umfjöllun um hönnun hér á Íslandi. Tíska og hönnun er sitthvor hluturinn og þegar fólk lætur mata sig á tískunni endar í óefni."

heida@frettabladid.is

Kirkjustóllinn er í uppáhaldi hjá Gunnari.

Ljós hannað í kringum 1975.

UWAGA KIEROWCY
Kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie sie 4 marca o godz 18.00. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.Informacje pod nr tel.7728079.
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Tel: 5670300

Hægindastóllinn Appollo frá árinu 1969. Kollur og borð eru einnig í línunni.

Borís Spasskí og Bobby Fischer háðu einvígi um heimsmeistaratitilinn í skák í Reykjavík við þetta borð eftir Gunnar árið 1972.

Hiti í bústaðinn
Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.
Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.
Rafhitarar fyrir heita potta
Rafhitun
íslensk framleiðsla í 20 ár
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
UPP MEÐ GÆÐIN
NIÐUR MEÐ VERÐIÐ
25% AFSLÁTTUR OG 10% AÐ AUKI
SÉ PÖNTUN STAÐFEST Í FEBRÚAR
EINNIG ÚRVAL RAFTÆKJA Á FRÁBÆRU VERÐI
OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR
UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

Innlit/útlit á 19. öld

Sjónum verður beint að híbýlamenningu í Reykjavík á 19. öld á Landnámssýningunni, Aðalstræti 6, klukkan 17 á morgun.

Arndís Árnadóttir listsagnfræðingur heldur fyrirlestur 1. mars sem nefnist Hégómi og fínerí – til húsprýði í Reykjavík á 19. öld. Þar verður skoðað hvernig ríkjandi hugmyndir um húsabætur, framfarir í véla-og handiðnaði höfðu áhrif á híbýlamenningu í Reykjavík þegar borgaralegir lífshættir voru að festa rætur á 19. öld.

Það er ekki fyrr en í lok aldarinnar sem ljósmyndatæknin leyfir okkur að skyggnast inn á heimilin. Þá hafði greinilega skapast þörf fyrir að prýða heimilin með fögrum innanstokksmunum, myndum á veggjum, lifandi stofublómum og tifandi klukkum. Hannyrðir kvenna settu þar líka sterkan svip því konur mótuðu sér ekki aðeins störf á heimilunum með slíkum verkum heldur létu einnig að sér kveða á opinberum vettvangi iðnaðarsýninga.

Allir eru velkomnir á fyrirlesturinn og er aðgangur ókeypis

- gun

Rækt við fegrun heimilanna kom glögglega fram í stássstofum fyrri alda. Þessi mynd er úr hinu virðulega Norska húsi í Stykkishólmi.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
visir.is

BÍLAR & FARATÆKI

Kynntu þér 2 fyrir 1 stofntilboð okkar.

Hringiðan Internetþjónusta
Skúlagata 19, 101 Reykjavík
Sími: 525 2400
WWW.HRINGIDAN.IS

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

VW Touareg 2 V6, árg 2/2008, ek 34þús.km, 281hö, sjálfsk, leður, lúga, rafmagn í afturhlera, omfl, Mjög flottur og vel búinn bíll, Ásett verð 6890þús.kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Til sölu Lynx Rave xtrim 800, árg. 2007, ek. 1.487 km., upph. stýri, negld gróft belti, farangurst.. Ásett verð kr. 1.270 þús.. Einnig til sölu samskonar Lynx sleði ásamt glæsilegri álkerru! Ásett verð á kerru kr. 790 þús.. Selst sitt í hvoru lagi eða allt saman. Tilboð óskast!

Til sölu Combi Camp tjaldvagn, árg. 2005, með nýju fortjaldi! Ásett verð kr. 690.000. Tilboð kr. 590.000!

Víkurverk
Víkurhvarf 6, 203 Kópavogur
Sími: 557 7720
www.vikurverk.is

Bílar til sölu

Til sölu Nissan Almera GX árg.'99 , ek. 169 þ.km. Sk.'11. Þarfnast smá viðhalds. Uppl. í s. 848 0153

0-250 þús.

AUDI A3. Árg. 2006. Ekinn 66 þ. Bensín, sjálfskiptur, skoðaður. Uppl. 840 0220.

250-499 þús.

Til sölu Volvo 960 2,5L árg 1995. Mikið endurnýjaður. Nánari uppl. 845-7434

Bílar óskast

Vantar bíl!
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma

691 9374.

Golf, Polo, Micra, Almera, Peougut 206, Yaris eða Lancer ÓSKAST
Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450.

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Kerrur

VIÐGERÐAR- OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA
Allir gerðir af kerrum, viðgerðar- og varahlutaþjónusta. Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla. Ásetning á staðnum. Víkurvagnar ehf. S 577 1090 www.vikurvagnar.is

Vinnuvélar

Still R20-18 lyftari til sölu árg. '01. Lyftigeta 1,8 tonn, Lyftihæð 3,1 meter. Uppl. í s. 660 8870.

Óska e. að kaupa traktora og diesellyftara. Einnig gröfur eldri en árg. 2005. Uppl. í s: 866 0471.

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

Bílaþjónusta

Faglærður réttingarmaður getur bætt við sig verkefnum er með réttingarbekk og mæliréttindi. Er með bílaflutningavagn og get sótt bíla. Uppl. í s. 660 8913.

Clean Car býður þér ódýra dekkjaþjónustu og þrif. Bílaþrif frá 6.000 kr. og dekkjaþjónusta frá 4.000 kr. Skipholt 11, s. 893 5634.

Hjólbarðar

Þarftu að láta hjólastilla bílinn?
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Varahlutir

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Hringbraut.is
Til sölu notaðir varahlutir í Honda, Peugot, Mazda, VW, Renault, M Benz, Citroen, Skoda, Range Rover Sport, Toyota, MMC , Kia. Kaupum bíla til niðurrifs. Hringbraut er þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð. Opið 8-17. Bogatröð 10. 260Rbæ. Uppl. s.420-1200.

Viðgerðir

Pústkerfi - Sérsmíði - Vatnskassar - Demparar - Bremsur - Viðgerðir - Barkar og Kvarfakútar. Púst og Vatnskassar smiðjuvegi 4a (græn gatabak við N1) Sími 567 0840.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

Trjáfellingar og runnaklippingar. Gróður og garðar ehf. Jónas garðyrkjufræðingur sími 697 8588.

Trjáklippingar
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald fyrir þig. Ársreikningur - Skattframtal - VSK Tómas Bókari ehf 659 5031

Málarar

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir
Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Húsaviðgerðir - Nýbyggingar
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Nýsmíði og viðhald
Tökum að okkur hverskonar viðhald og nýsmíði. T.D. þök, glugga, gler, utanhúsklæðningar ásamt sumarhúsum og annari nýsmíði. Áratuga reynsla.
S.K.E - Verk SF - S. 861 7749.
Blikktak ehf. - S. 861 7733.
bragimarunn@simnet.is

TIL SÖLU NOTUÐ TÆKI

SÍMINN ER: 414-8600
Sjá nánar á www.velaborg.is

FERMEC 526 XP
Smámokstursvél.
Árgerð: 1999.
Vinnustundir: 1870.
Skóflustærð: 150 cm.
Mjög vel með farin vél.
Verð kr. 1.480.000+vsk.

Hydromann 1500S
Vökvaknúinn snjóblásari.
Vinnslubreidd: 1,5 mtr.
Árgerð: 2008.
Vinnustundir: c.a. 40.
Þyngd: 190 kg.
Tækið er nánast ónotað.
Verð kr. 600.000+vsk.

Vélakerra
Skráð. Ber 2000 kg.
Sterk og vönduð smíði.
Verð kr. 590.000+vsk.

Manitou
MLT 633-120 LS.
Skotbómulyftari.
Árgerð: 1999.
Vinnustundir: 5993.
Lyftigeta: 3,3 tonn
Lyftihæð: 6 mtr.
Lyftaranum fylgja skófla og gafflar.
Verð kr. 2.500.000+vsk.

Bobcat T3571
Skotbómulyftari.
Árgerð: 2006.
Vinnustundir: 7477.
Lyftigeta: 3,5 tonn
Lyftihæð: 7,1 mtr.
Lyftari í góðu formi á nýjum dekkjum og felgum.
Verð kr. 4.800.000+vsk.

JLG 4069 LE
Árgerð: 2008.
12 metra lyftihæð.
Ónotuð rafmagnslyfta.
Verð kr. 3.890.000+vsk.

SÍMINN ER: 414-8600
Vélaborg
www.velaborg.is
Járnháls 2 - 4 • S: 414-8600

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 772 8100.

N & V Verktakar.
Flísalögn á frábæru tilboði.
4.000kr. fermeterinn.
nv.verktakar@gmail.com

Upplýsingar í síma 661 3149.

Pípulagnir Arinbjarnar!
Allar almennar pípulagnir, nýlagnir, & skolplagnir.
Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa.
Að láta fagmann yfirfara hitakerfi húsa getur skilað allt að 20% orkusparnaði.
Áratuga reynsla í pípulögnum aðeins unnið af fagmönnum.
Pípulagnir Arinbjarnar
Flísaverk ehf verktakar.
897-5599

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir -Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

ALPAR TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Húsasmíðameistari
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

PVC. ÞAKDÚKUR. Nýlögn og viðgerðir. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s: 660-3571 eða Póstf. Larus7171@simnet.is

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

ERUM EKKI MEÐ SEX NUDD,

en æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heita POTTA og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR, SNYRTING og veitingar. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280

Nudd
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage. S. 849 5247.

Nudd. Nudd. Nudd. Excusive Whole Body Massage. S. 692 2126, Alena.

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.
Einkatímar.
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.

Hanna s. 555 2927
Spá
Draumar
Fyrirbænir
Opið alla virka daga
tek einnig í einkatíma

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árisspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári.Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Rafvirkjun

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

KEYPT & SELT

Til sölu

Saltkristall
Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur yfirfarið til sölu. Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

ÞVOTTAVÉLAR
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00-17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Öryggis- og peningaskápar

Bergiðjan minigolf
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að taka niður pantanir núna. Uppl. í s. 774 6633 & 869 1690 Bergiðjan ehf Tangarhöfði 2, 110. pukinn@simnet.is Erum á facebook.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í 8916447 Óli

HEIMILIÐ

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

Siberian Husky hvolpar til sölu, ættbókafærðir hjá HRFI. Fæddir 23 jan. 3 tíkur og 2 rakkar. Frekari upplýsingar í síma 841 9697, Birna.

Húsgögn

Hirzlan.is

Húsgögn fyrir heimilið og skrifstofuna. Gæði og gott verð. Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040

Tekk húsgögn óskast keypt frá árunum milli 1960 til 70. Aðeins vel með farinn húsgögn koma til greina. Uppl. í s. 863 8855.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM f/RENT w/FURNITURE 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 109/111 BREIÐHOLT 8973611

VELDU ÖRYGGI!!
Fáðu fagfólk til að sjá um útleigu á þínu húsnæði. Sem leigjandi gerðu þá ófrávíkjanlega kröfu um að skjalagerð sé í höndum fagfólks www.leiguhus.is aðstoðar þig Sími 562 2554.

3ja herb. íbúð til leigu í rólegum stigagangi í Breiðholti. Laus strax. Leigugjald 125 þús. Uppl. í s. 898 5978 e. kl. 18.

105 Stangarholt. Fínt stúdíóherb. Bjart og rúmgott með eldh.innr. Vask, ísskáp, stór fatask., þvottav.tengi. Internet. V. 38 þ. með öllu. S. 891 8610.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus. Einnig 75 fm húsnæði fínt lagerhúsnæði eða fyrir leiktækin S. 892 5309.

Gott herbergi til leigu í Rvk 109 -Seljahverfi. Góð aðstaða, aðgang. að baðherb., ísskáp, eldunaraðst., þvottav., intern. o.fl. uppl: 8917630

Kjallaraherb. til leigu í 101. Uppl. í s. 773 3182.

Húsnæði óskast

Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna vantar 3-4 herb. íbúðir í Rvk. Íbúðirnar þurfa að vera búnar nauðsynlegum húsgögnum og heimilistækjum. Leigutími er u.þ.b. 6 mánuðir, frá lok apríl fram í miðjan október. Nánari upplýsingar í s: 569 6069 / thorhildur.isberg@os.is

Atvinnuhúsnæði

Fákafen 140 fm vandað skrifstofu. Tunguháls 327 fm iðnaðar, lofthæð 4,70. Víð sund. 20 fm skrifstofu á 2 hæð og 90 fm verslunar og 80 fm iðnaðar á jarðhæð. leiguval.is Sími 553 9820 og 894 1022.

Geymsluhúsnæði

FRYSTIGEYMSLUR
Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti. Aðgangur að geymslum alla daga.
Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir hörkuduglegum, reyklausum og sjálfstæðum aðila á vaktir í söluturn í Breiðholti og Hraunbæ. Eingöngu 18 ára og eldri koma til greina. Umsóknir sendist á maria-holmgrims@hotmail.com. Uppl. í s. 846 1082.

TILKYNNINGAR

Fundir

HEYRNARHJÁLP

Minnum á fundinn á morgun kl. 20:00 í

húsnæði félagsins Langholtsvegi 111
Gestur fundarins er Matthías Viktorsson. Kynnt verður túlkun í leikhúsi í Bergen og starf heyrnarskertra þar. Rittúlkun-Tónmöskvi-Kaffi
Sjá nánar á www.heyrnarhjalp.is Heyrnarhjálp

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

VETRAR-TILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

Nú fer hver að verða síðastur

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VETRAR-TILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²

kr. 1.599.000,- án fylgihluta
kr. 1.859.000,- með fylgihlutum
og byggingarnefndar teiknisetti.

40 % afsláttur af heimsendingu á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

Nánari upplýsingar á heimasíðu: **www.volundarhus.is**

Staðgreiðslu lán

VISA Lán

VH/11-01

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

VH ehf · Njarðarbraut 11 · 260 Reykjanesbæ · **Sími 864-2400 · Sími í verslun 527-2400**

44 mm bjálki / Tvöföld nótun / Tvöfalt gler

Sértilboð Gestahús 10 m²

kr. 399.000 án/fylgihluta - áður kr. ~~499.000~~
kr. 590.000 m/fylgihlutum - áður kr. ~~690.000~~

Sértilboð Gestahús 16 m²

Uppselt

kr. 599.000 án/fylgi... - áður kr. ~~699.000~~
kr. 840.000 m/fylgihlutum - áður kr. ~~940.000~~



Sértilboð Barnahús 2,1 m²

kr. 109.900 án/fylgihluta - áður kr. ~~139.900~~

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

Sértilboð Garðhús 9,7 m²

kr. 359.900 án/fylgihluta - áður kr. ~~389.900~~
kr. 389.900 m/fylgihlutum - áður kr. ~~419.900~~

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Íbúðir fyrir sendiráð óskast til leigu

3ja - 4ra herb. íbúð um 100-120 fm. í 101,105 eða 107. Íbúðin þarf að vera búin húsgögnum og tækjum. **Leigutími 1 ár.**

4ra - 5 herb. íbúð í 101,105 eða 107 Íbúðin þarf að vera búin húsgögnum og tækjum. **Skammtímaleiga.**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
visir.is

ÞINGHOLT

Jónas Örn Jónasson
hdl og löggiltur fasteignasali.

Jónas
S: 770 8200

Ísak
S: 822 5588

Sigurður
S: 616 8880

Þorsteinn
S: 892 5110

TIL LEIGU

Stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi til leigu á 5 og 6 hæð í Hlíðasmára 6, Kópavogi. Húsið stendur hátt og hefur got auglýsingagildi.

Um er að ræða tvær hæðir sem eru samtals 643 fm fm að stærð.

5. hæð er 321,5 fm og skiptist í móttöku, 7-10 skrifstofur, fundarherbergi, eldhús, tæknirými og tvær snyrtingar. Húsnæðið er stórglæsilega innréttað og er laust til afhendingar. Húsgögn geta fylgt eftir samkomulagi. Hægt að leigja hæðirnar saman eða eða í sitthvoru lagi. Glæsilegt útsýni í allar áttir.

6. Hæð er 321,5 fm og skiptist í 10 -12 skrifstofur, stórt opið rými fyrir 10 vinnustöðvar, fundarherbergi, eldhús, tæknirými og tvær snyrtingar. Húsnæðið er glæsilega innréttað og er laust til afhendingar. Húsgögn geta fylgt eftir samkomulagi. Hægt að leigja hæðirnar saman eða eða í sitthvoru lagi. Stórglæsilegt útsýni í allar áttir.

SKRIFSTOFU HÓTEL
Glæsilegt skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. Skrifstofur eru með sameiginlega kaffistofu, fundarherbergi snyrtingu og fl. Tilvalið fyrir smærri fyrirtæki og einyrkja. Eigum þrjár skrifstofur eftir.



Bæjalind - Skrifstofuherbergi
Til leigu skrifstofuherbergi með aðgang að glæsilegu fundarherbergi.
Húsnæðið er á 2. hæð við Bæjarlind 4 Kópavogi.

Gullsmári Penthouse
Glæsileg íbúð á þessum vinsæla stað rétt við Smáralindina
Áhvílandi lán frá íbúðarlánasjóð um 20 millj.

Breiðhella – Hafnarfirði
Til leigu 133 fm atvinnuhúsnæði með góðri lofthæð, **laust strax.**

Flyðrugrandi - Glæsileg
Í einkasölu glæsileg 2ja herbergja íbúð á 3. hæð. Íbúðin er öll uppgerð á vandaðan hátt. Þvottahús á hæð.
Verð 19,8m

Mánagata
Góð 56,1 fm mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á annari hæð rétt við miðbæinn **verð 16,2 millj**

Leirutangi – Mos
Tvílyft 260 fm einbýlishús sem er með möguleika á aukaíbúð í kjallara Góður bílskúr. **Verð 55m**

Sími 512-3600 Fax 512-3601 www.tingholt.is - Bæjarlind 4 Kópavogi

krossgáta



LÁRÉTT
2. hland, **6.** hvort, **8.** festing, **9.** gums, **11.** fyrirtæki, **12.** hroki, **14.** iðja, **16.** sjó, **17.** sérstaklega, **18.** strá, **20.** hljóta, **21.** óskert.

LÓÐRÉTT
1. trúi, 3. 49, **4.** fax, **5.** skilaboð, **7.** heilladrjúgur, **10.** fálm, **13.** blaður, **15.** skjótur, **16.** sigti, **19.** bor.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. piss, **6.** ef, **8.** lím, **9.** lap, **11.** ms, **12.** dramb, **14.** starf, **16.** sæ, **17.** sér, **18.** ila, **20.** fá, **21.** allt.
LÓÐRÉTT: 1. held, **3.** il, **4.** simbréf, **5.** sms, **7.** farsæll, **10.** pat, **13.** mas, **15.** frár, **16.** sía, **19.** al.

Hjarta skólans

BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Í miðjum skólanum mínum, Álftamýrarskóla, var bókasafn. Einn vetur þegar ég var líklega 10 ára gömul kom ég mér upp þeim sið að drífa mig heim eftir að skóla lauk, borða hádegismat, læra og skunda síðan á skólabókasafnið. Næsta almenningsbókasafn var Bústaðasafnið og það var allt of langt í burtu til að ég kæmist þangað ein míns liðs. Á skólabókasafnið var aftur á móti örstutt að fara og þar kom ég mér þægilega fyrir með bók.

Þarna komst ég í aðrar tegundir bóka en þær sem þótti tilhlýðilegt að færa stúlku að gjöf, til dæmis teiknimyndasögur og fræðibækur um heimsstyrjöldina.

STUNDUM komu heilu bekkirnir í skólasafnsheimsókn en aðallega finnst mér ég hafa verið ein þarna ásamt bókasafnsverðinum. Þegar hann þurfti að skreppa frá setti hann mig yfir bókasafnið. Það fannst mér nú aldeilis upphefð. Mér fannst gott að vera innan um bækur og bókasafnið varð minn griðastaður. Allir kilirnir fólu í sér loforð um sögu og í sumum gat maður hnotið um skemmtileg orð. Nískupúki gat líka kallast nirfill eða grútur og skræfa gat ekki bara verið gunga, heldur líka heybrók!

UM þessar mundir fá skólabókasöfnin að kenna á niðurskurðarhnífnum þótt í mismiklum mæli sé. Þau þurfa nauðsynlega að geta keypt inn nýjar bækur því annars hætta krakkarnir að nenna að koma, eins og einn skólabókasafnsvörðurinn benti mér á fyrir stuttu. Þau eru jú alveg jafnsólgin í nýjustu bækurnar og aðrir. Þær eru háðar tískusveiflum rétt eins og gosdrykkir og gallabuxur. Þess vegna nenna fáir að lesa lengur um galdra þegar vampírur þykja það alsvalasta og heyrst hefur að úti í hinum erlenda bókaheimi séu englar að yfirtaka bransann.

BÓKASAFNSVÖRÐUR nokkur úti á landi sagði mér að ef hægt sé að kveikja áhuga hjá vinsælustu krökkunum á einhverri bókinni vaknaði oft áhugi hjá fleirum í kjölfarið. Auðsjáanlega hef ég ekki verið ein af svölu krökkunum því ekki man ég eftir miklum lestraráhuga í bekknum mínum. Í ljósi þess hve skólabókasöfnin eru fjársvelt stendur nú upp á foreldra, ömmur og afa að halda nýjustu bókunum að krökkunum. Farið með þeim á almenningsbókasöfnin, sýnið áhuga á því sem þau eru að lesa og lesið sömu bækur og þau. Það er nefnilega svo gaman að spjalla saman um bækur. Lestur eykur orðaforðann og skilning á samfélaginu og manneskjunni sjálfri. Það er ekki svo lítið!

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes



Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðari og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

visir.is

Guðrún Eggertsdóttir
Deildarstjóri á fæðingardeild LSH,
hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF
Styðjum Líf og klæðumst bolnum
Allur ágóði af sölu Líf bolsins rennur til þess að bæta aðbúnað á kvennadeild LSH.
Líf bolurinn fæst á eftirtöldum stöðum:
• Hagkaupum
• World Class
• Verslunum Símans
• N1
• www.gefdulif.is
Ekki gleyma landssöfnun í beinni útsendingu föstudaginn 4. mars á Stöð 2.
Þú gefur Líf með því að gerast styrktarfélagi á www.gefdulif.is,
kaupa bolinn eða gefa til söfnunarinnar föstudaginn 4. mars.
LÍF
Styrktarfélag

Gleymir ekki afmæli

Jennifer Aniston og Gerard Butler léku saman í kvikmyndinni Bounty Hunter á síðasta ári og urðu nánir vinir í kjölfarið. Aniston fagnaði afmæli sínu á dögunum og hringdi Butler sérstaklega í hana til að óska henni til hamingju með daginn.

Að sögn heimildarmanna var Butler staddur á veitingastað ásamt vinum sínum þegar hann mundi skyndilega eftir afmælisdegi Aniston og ákvað að óska henni til lukku með daginn. „Hann greip farsíma sinn og þegar hún svaraði kallaði hann hátt: „Til hamingju með daginn, elskan!“ og fékk svo alla vini sína til að sameinast í afmælissöngnum handa henni,“ var haft eftir einum heimildarmanni.

GÓÐIR VINIR Gerard Butler gleymir ekki afmælisdegi vinkonu sinnar, Jennifer Aniston. NORDICPHOTOS/GETTY

Beastie Boys snýr aftur

Rappsveitin Beastie Boys hefur loksins ákveðið útgáfudag á nýjustu plötu sinni, Hot Sauce Comittee Pt 2. Hún kemur út 19. apríl og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu. Gripurinn átti upphaflega að heita Hot Sauce Commiettee Pt 1 og útgáfudagur átti að vera í september 2009. Plötunni var frestað þegar rapparinn Adam Yauch greindist með krabbamein og þurfti að gangast undir læknismeðferð. Á meðal gesta verða Nas og Santigold. Óvíst er hvort sveitin fari í tónleikaferð til að fylgja plötunni eftir. Það fer eftir því hvernig heilsa Yauch verður.

GLÆNÝ TÓNLISTARHÁTÍÐ

Tónlistarhátíðin Bergen-Reykjavík-Nuuk fór fram í leikhúsinu Norðurpólnum á fimmtudag og föstudagskvöld. Fjöldi tónlistarmanna steig þar á svið og lét ljós sitt skína.

Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt þar sem sameinaðar voru hljómsveitir úr ólíkum áttum. Á meðal þeirra sem fluttu tónlist sína voru Jess Morgan frá Bretlandi, Razika frá Noregi, Stórsveit Samúels J., Ragnheiður Gröndal, Moses Hightower og Nanook frá Grænlandi.

JESS MORGAN Breska söngkonan steig á svið í Norðurpólnum á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á TÓNLISTARHÁTÍÐ Þær Katrín og Birna úr MR létu sig ekki vanta á hátíðina.

BROSMILD John Winter og Josefine Winter voru brostu blítt til ljósmyndara Fréttablaðsins.

TVÆR Á TÓNLEIKUM Olga Sigrún Olgeirsdóttir og María Ellingsen voru á meðal gesta.

Stafræn tónleikaferð

Hljómsveitin Stafrænn Hákon er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu sem hefst í Þýskalandi 22. apríl. Um kynningarferð er að ræða vegna sjöttu plötu hennar, Sanitas, sem kom út síðasta vor.

Síðasta tónleikaferð hljómsveitarinnar um Evrópu var farin fyrir rúmu ári. „Við fórum í tólf daga og keyrðum um fjöll og firnindi. Það var tekið rosalega vel í þetta,“ segir forsprakkinn Ólafur Josephsson. Stafrænn Hákon var upphaflega sólóverkefni Ólafs en núna er hljómsveitin orðin sjö manna og tónlistin orðin rokkaðari en áður. Ólafur vonast til að platan Sanitas fái meiri athygli í kjölfar tónleikaferðarinnar. „Mér fannst hún eiga meira skilið. Hún var poppaðari en allt sem ég hef gert og ég bjóst við meiri viðbrögðum.“

Stafrænn Hákon er strax byrjuð að undirbúa næstu plötu og ljóst að enginn skortur er á sköpunargleði þar á bæ. - fb

ÓLAFUR JOSEPHSSON Ólafur og félagar í Stafrænum Hákoni eru á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu. MYND/VALDÍS THOR

Vinsælastur á Facebook

Eminem hefur tekið fram úr Lady Gaga sem vinsælasta núlifandi manneskjan á Facebook. Alls á rapparinn rúmlega 28 milljónir aðdáenda og hefur hann bætt yfir hálfri milljón aðdáenda við hópinn í hverri viku að undanförnu. Bilið á milli Eminem og Gaga nemur nú tíu þúsund aðdáendum. Í þriðja sæti á listanum er Barack Obamba, Bandaríkjaforseti. Eini tónlistarmaðurinn sem er vinsælli en Eminem á Facebook er poppkóngurinn sálugi, Michael Jackson, sem á 29 milljónir aðdáenda. Rapparinn varð fyrr í vikunni þriðji listamaður sögunnar til að ná eins milljarðs áhorfi á Youtube-síðunni.

EMINEM Rapparinn er vinsælasta núlifandi manneskjan á Facebook.

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

499
RÚÐUVÖKVI
4 ltr, 12°C

4 pör
1990
SOKKAR - TRYSIL
St 25-27/28-31/32-35
/36-40/41-46

2,3 kg
599
ÞVOTTAEFNI

349
IDA
PRJÓNAGARN

189
THEA
PRJÓNAGARN

100 í pk
799
LIPTON TE
100 í pk

FÖÐURLAND
Bolur/buxur
Fyrir 4-12 ára, kr 1490
St XS-XL, kr 1990
Verð pr stk

frá 1490

4 kg
799
JASMIN
HRÍSGRJÓN

199
DON SIMON ÁVAXTA-
SAFI
Átta appelsínur í hverjum lítra
1 ltr
Átta tegundir af safa

31 ltr
899
GEYMSLUKASSI, 31 LTR
46,5x36x25,5 cm
Litir: Fjólublár, glær og grár

27 ltr, kr 2890
43 ltr, kr 4790
67 ltr, kr 5490
97 ltr, kr 6990

frá 2890
FERÐATÖSKUR

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

sport

sport@frettabladid.is

BRYNJAR KARL SIGURÐSSON sem er betur þekktur sem körfuboltaþjálfari og hönnuður Sideline-forritsins var mjög óvænt á skýrslu hjá Valsmönnum um helgina. Til stóð að hann kæmi af bekknum í fyrri hálfleik og stæði vaktina í vörninni. Hann var kominn úr æfingatreyjunni og klár í slaginn er Valsmenn misstu mann af velli. Þá breyttust plön Valsmanna og ekkert varð af því að Brynjar fengi að koma við sögu.

ÚRSLIT

Eimskipsbikar karla:

Akureyri-Valur 24-26 (13-14)

Mörk Akureyri (skot): Oddur Gretarsson 7/3 (7/3), Bjarni Fritzson 6 (9/1), Guðmundur Hólmar Helgason 4 (9), Heimir Örn Árnason 4 (10), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (4), Daníel Einarsson 1 (1).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 16/1 (42/2) 38%.
Hraðaupphlaup: 7 (Oddur 3, Bjarni 3, Hörður).
Fiskuð víti: 4 (Hörður 2, Bjarni, Guðmundur).
Utan vallar: 8 mínútur.
Mörk Vals (skot): Sturla Ásgeirsson 5/1 (5/1), Orri Freyr Gíslason 5 (7), Anton Rúnarsson 5 (13), Finnur Ingi Stefánsson 4 (4), Valdimar Fannar Þórsson 4 (8), Ernir Hrafn Arnarson 3 (7/1).
Varin skot: Hlynur Morthens 16/1 (40/4) 40%.
Hraðaupphlaup: 2 (Finnur, Sturla).
Fiskuð víti: 2 (Anton, Sturla).
Utan vallar: 6 mínútur.
Dómarar: Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, þokkalegir en nokkrir mikilvægir dómar féllu með Valsmönnum.

Nú get ég hætt og dáið sáttur

Hlynur Morthens, markvörður Vals, tryggði Val bikarmeistaratitilinn um helgina þegar hann varði á undraverðan hátt úr dauðafæri undir lok úrslitaleiksins gegn Akureyri. Leikurinn var afar jafn frá upphafi til enda og þegar upp var staðið var það þessi markvarsla Hlyns á ögurstundu sem gerði gæfumuninn.

HANDBOLTI „Ég bara gerði eittvað og það tókst. Ég veit ekkert hvernig ég fór að því að verja boltann," sagði hetja Valsmanna, Hlynur Morthens, í algjörri geðshræringu eftir leikinn gegn Akureyri sem Valur vann, 24-26.

Hörður Fannar Sigþórsson hefði getað jafnað leikinn fyrir Akureyri í 25-25 þegar tæp mínúta var eftir af leiknum. Hann fékk þá boltann á línunni í ákjósanlegu færi. Hlynur rauk út á móti honum, lokaði markinu og varði með stæl. Valur fékk boltann, gerði engin mistök og skoraði sigurmarkið þegar ein sekúnda var eftir. Þetta var þriðji bikarmeistaratitill liðsins á síðustu fjórum árum.

„Tilfinningin að hafa unnið þennan leik er algjörlega ólýsanleg. Ég er bara í losti. Ég hef átt langan feril, komið hingað áður en aldrei náð að vinna. Að eiga fínan leik og verja síðasta boltann er lyginni líkast. Ég hefði ekki getað skrifað handritið betur sjálfur. Nú get ég dáið sáttur og hætt í boltanum eftir helgi," sagði Hlynur og brosti allan hringinn.

Arkitektinn að þessum frábæra árangri Vals er þjálfarinn Óskar Bjarni Óskarsson. Hann er búinn að koma Val í úrslitaleikinn fjögur ár í röð sem er einstakur árangur. Hann hefur unnið þrjá af þessum fjórum leikjum.

„75 prósent árangur. Ég myndi segja að það væri ásættanlegt," sagði Óskar Bjarni stoltur en hann tók við liðinu í lok síðasta árs þegar hvorki hafði gengið né rekið hjá liðinu undir stjórn Júlíusar Jónassonar. Leikur liðsins hefur tekið gríðarlegum framförum í kjölfarið en slök byrjun liðsins á leiktíðinni mun líklega verða til þess að Valur kemst ekki í úrslitakeppnina.

„Við náðum þéttleika fljótlega í byrjun leiksins og það hefði reynst okkur erfitt ef við hefðum gert of marga tæknifeila og hleypt þeim í hraðaupphlaup. Það gekk ágætlega að komast í vörnina. Vörnin var svo góð og Hlynur sterkur fyrir aftan. Agaður sóknarleikur ásamt vörn og markvörslu var því lykillinn að þessu hjá okkur," sagði Óskar en er hann ekki kominn aftur til þess að vera?

„Þetta er ótrúlega skemmtilegt og ætli ég taki ekki Ferguson á þetta núna og verði í 30 ár. Bíði eftir að strákarnir mínir komi upp í meistaraflokk en þeir eru í sjötta flokki núna," sagði Óskar glaður í bragði en byrjað er að kalla hann Bikar-Óskar.

Leikurinn á laugardag var frábær skemmtun. Afar hraður og jafn. Flottur varnarleikur, frábærir markverðir og virkilega hraður leikur. Liðin héldust nánast í hendur allan leikinn og það mátti ekki á milli sjá hvort liðið væri betra í þessum spennuleik. Bæði lið hefðu verið vel að sigrinum komin en þetta féll með Valsmönnum að þessu sinni og markvarsla Hlyns sá til þess.

Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, var að vonum svekktur en hann ætlaði sér svo innilega að landa bikarnum sem hann hefur ekki enn unnið sem þjálfari.

„Þetta er mjög svekkjandi. Strákarnir hafa lagt þvílíkt hart að sér og áttu skilið að fá þennan titil. Það hefur verið frábært starf hjá félaginu í allan vetur og ég hefði gjarna viljað koma með þennan bikar norður," sagði Atli svekktur en hann var ekki nógu ánægður með leik sinna manna.

„Mér fannst við spila illa og það er svekkjandi að ná ekki fram betri leik en raun ber vitni í svona stórleik. Þetta er einn af slakari leikjum okkar í vetur. Auðvitað spilar spenna og allt það inn í en við vorum að gera okkur seka um óþarflega mörg mistök á báðum endum vallarins. Ég tek það ekki af Valsmönnum að þeir léku vel og spiluðu skynsaman sóknarleik. Heilt yfir spiluðum við samt ekki nógu vel og við verðum að gera betur til að vinna svona úrslitaleik," sagði Atli.

henry@frettabladid.is

HETJAN Í SÆLUVÍMU Hlynur Morthens varði með ótrúlegum tilþrifum undir lok leiksins gegn Akureyri og tryggði Valsmönnum sætan sigur. Þetta var þriðji bikartitill Vals á fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FÖGNUÐUR Valsmenn fögnuðu ógurlega í leikslok með stuðningsmönnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BIKARINN Á LOFT Orri Freyr Gíslason lyftir hér bikarnum í Höllinni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÓLAFUR STEFÁNSSON Átti ágætan leik í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Ólafur Stefánsson:

Ætlum okkur í undanúrslit

HANDBOLTI Íslendingaliðin Rhein-Neckar Löwen og Kiel unnu bæði góða sigra í Meistaradeildinni í gær og eru komin í sextán liða úrslit.

Löwen lagði Kiel, 29-27, á meðan Kiel skellti Celje Lasko, 43-27. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel og slíkt hið sama gerði Róbert Gunnarsson fyrir Löwen. Ólafur Stefánsson skoraði hins vegar þrjú mörk fyrir Löwen í gær.

„Við byrjuðum leikinn illa og fyrstu 25 mínúturnar voru slakar hjá okkur," sagði Ólafur við sjónvarpsstöð EHF eftir leikinn en Löwen var undir í hálfleik, 11-13.

„Ég er sáttur við stigin. Við börðumst vel, komum til baka og áttum skilið að vinna leikinn," sagði Ólafur sem var ekki par hrifinn af spurningum um eigin frammistöðu.

„Ég er enn hér og það er ekki búið að reka mig. Ég er að gera mitt besta og reyni að hjálpa liðinu,. Ég vil vinna titla og spila vel fyrir liðið," sagði Ólafur og minnti á að alvaran væri að fara að byrja.

„Við ætlum okkur í undanúrslit. Það er okkar markmið." - hbg

GLEÐI McLeish fagnar ógurlega í lokin en á meðan Wenger er fúll í kápunni sinni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Birmingham gerði sér lítið fyrir og lagði Arsenal í úrslitum deildarbikarsins:

Enn þarf Arsenal að bíða eftir titli

FÓTBOLTI Stuðningsmenn Arsenal þurftu enn á ný að henda kampavíninu í kælingu í gær því ekki kom bikar í hús. Arsenal hefur ekki unnið titil síðan árið 2005 og margir héldu að langþráður bikar kæmi í úrslitum deildarbikarsins gegn Birmingham í gær. Af því varð ekki því Birmingham vann sigur, 2-1.

Leikurinn byrjaði með miklum látum því eftir tæpar tvær mínútur slapp Lee Bowyer í gegnum vörn Arsenal. Hann var tekinn niður af Wojciech Szczesny, markverði Arsenal. Víti og rautt spjald héldu flestir en svo var ekki. Aðstoðardómarinn flaggaði rangstöðu sem var alrangur dómur. Þar slapp Arsenal afar vel.

Leikmenn Birmingham héldu samt áfram að sækja. Voru sterkari aðilinn og komust verðskuldað yfir á 28. mínútu er Nikola Zigic skallaði knöttinn í netið. Szczesny fór út í mikið skógarhlaup og eftirleikurinn auðveldur. Arsenal kom til baka og Van Persie jafnaði fyrir hlé er hann kláraði sendingu Arshavin með stæl.

Flest benti til þess að leikurinn væri á leið í framlengingu þegar Szczesny gerði herfileg mistök. Hann missti þá boltann frá sér mínútu fyrir leikslok, hann féll fyrir fætur Obafemi Martins sem þakkaði fyrir með því að skora í tómt markið. Skelfileg mistök sem kostuðu Arsenal leikinn.

„Ég held að þetta sé auðveldasta mark sem ég hef skorað á ferlinum og ekki var verra að það hafi verið svona mikilvægt," sagði Martins eftir leikinn og stjórinn, Alex McLeish, var eðlilega í skýjunum eftir leik.

„Þetta er gríðarlegt afrek og sérstaklega þegar við skoðum hvaða lið við vorum að leggja af velli. Það trúði enginn á okkar sigur nema við sjálfir. Þetta var rosaleg frammistaða hjá leikmönnunum," sagði McLeish.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var eðlilega súr og svekktur. „Við vildum binda endi á titlaþurrðina í dag. Hvað er hægt að segja? Szczesny er ungur strákur og hann verður að rífa sig upp."

- hbg

Til hamingju með bikarinn Valsmenn!

Einnig óskum við Valskonum til hamingju með annað sætið.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

ÚRSLIT

Eimskipsbikar kvenna:

Fram-Valur 25-22 (13-9)

Mörk Fram (skot): Stella Sigurðardóttir 7/1 (15/2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5 (5), Karen Knútsdóttir 4/1 (8/1), Pavla Nevrilova 3 (3), Birna Berg Haraldsdóttir 2 (2), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (7), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (2).
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 20 (42/7) 48%.
Hraðaupphlaup: 1 (Karen).
Fiskuð víti: 3 (Karen, Pavla, Birna).
Utan vallar: 8 mínútur.
Mörk Vals (skot): Annett Köbli 8/7 (11/7), Anna Úrsula Guðmundsdóttir 3 (5), Kristín Guðmundsdóttir 3 (9), Karólína B. Gunnarsdóttir 2 (4), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (4), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (2), Rebekka Rut Skúladóttir 1 (1), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (4).
Varin skot: Sunneva Einarsdóttir 9/1 (31/3) 29%, Guðný Jenný Ásmundsdóttir 3 (16) 19%.
Hraðaupphlaup: 3 (Karólína, Kristín, Hildigunnur).
Fiskuð víti: 7 (Anna 2, Íris 2, Hrafnhildur, Rebekka, Kristín)
Utan vallar: 6 mínútur.
Dómarar: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, mjög góðir.

Sigurbjörg Jóhannsdóttir átti frábæran leik gegn Val:

Vissum að við yrðum að finna drápseðlið

HANDBOLTI Miðjumaðurinn Sigurbjörg Jóhannsdóttir átti hreint út sagt magnaða innkomu í úrslitaleikinn gegn Val. Skoraði fimm mörk úr fimm skotum.

„Mér fannst við vera með þetta allan tímann og það var þvílík yfirvegun í okkar leik og það skein úr hverju andliti einbeiting og ákveðni. Það var engin hræðsla og ekkert hik," segir Sigurbjörg brosmild en hún var einnig ánægð með þá frábæru vörn sem Fram spilaði í leiknum.

„Vörnin skipti sköpum strax í byrjun. Við vissum að ef við ætluðum okkur að vinna leikinn þá yrðum við að finna drápseðlið í okkur og það kom algjörlega," segir Sigurbjörg og fyrir aftan vörnina var Íris Björk í hreint frábæru formi.

„Ég get varla byrjað að lýsa því hversu frábær hún var. Það er sérstakt að eiga svona góðan markvörð fyrir aftan," segir Sigurbjörg sem vildi lítið gera úr eigin frammistöðu.

„Ég er mjög sátt og gott að geta bætt við spilið hjá okkur. Við ætlum okkur meira í vetur og þessi sigur gefur okkur kraft til þess að klára næsta bikar líka."

- hbg

KÁTAR Karen Knútsdóttir, Stella Sigurðardóttir og Hildur Þorgeirsdóttir fögnuðu titlinum innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sannfærandi sigur Framstúlkna

Leikur Fram og Vals í úrslitum Eimskipsbikars kvenna var frábær skemmtun frá góðum liðum. Framstúlkur spiluðu hreint út sagt frábæran varnarleik og fyrir aftan vörnina var Íris Björk í fantaformi. Valsstúlkur áttu engin svör við góðum leik Framara sem gáfu aldrei færi á sér og unnu sanngjarnan sigur.

HANDBOLTI Fram varð um helgina bikarmeistari kvenna eftir hreint út sagt stórskemmtilegan og vel spilaðan handboltaleik tveggja bestu liða landsins. Framstúlkur voru skrefinu á undan allan leikinn og þó svo forskotið hafi ekki alltaf verið stórt virtist sigurinn aldrei vera í hættu.

Fram-stúlkur gáfu nefnilega engin færi á sér, leikur þeirra brotnaði ekki undir pressu og með viljann og ákveðnina að vopni gengu þær frá leiknum á afar snyrtilegan og sannfærandi hátt.

Það sem lagði grunninn að þessum góða sigri var þó fyrst og fremst frábær varnarleikur og mögnuð markvarsla Írisar Bjarkar sem varði vel allan leikinn og oftar en ekki þegar mest á reyndi. Valsstúlkur áttu lengstum engin svör við stórkostlegum varnarleik Framstúlkna og það segir sína sögu að Valur skoraði aðeins þrjú mörk úr uppstilltum leik í síðari hálfleik. Önnur mörk komu af vítalínunni eða úr hraðaupphlaupum.

Enginn leikmaður Vals náði sér almennilega á strik í sókninni og Valsstúlkur fundu aldrei almennileg svör í sóknarleiknum. Varnarleikur liðsins var oft með miklum ágætum en stór munur lá í markvörslunni því markverðir Vals vörðu sama og ekkert á meðan Íris var í stuði allan leikinn. Sunneva kom þó sterk upp undir lokin en það var of lítið og of seint.

Sóknarleikur Fram gekk oft vel og Stella Sigurðardóttir fór mikinn. Sigurbjörg átti einnig magnaða innk–omu, Karen skoraði góð mörk og stýrði sóknarleiknum af röggsemi sem fyrr og svo var áhugavert að sjá innkomu hinnar ungu Birnu Berg Haraldsdóttur en þar er upprennandi stórskytta á ferðinni.

„Mér fannst við vera betri. Við vorum skrefi á undan nánast allan leikinn en við vorum samt alltaf á tánum því við vitum að Valur er oftast betri í seinni hálfleik. Við ætluðum því að vera brjálaðar allan leikinn og mér fannst það ganga vel því við misstum aldrei yfirhöndina," segir Karen Knútsdóttir og hún brosti allan hringinn eins og liðsfélagar hennar eftir leik.

„Við ákváðum að spila 5/1 vörn á þær. Koma framar og klukka þær svo þær gætu ekki skotið okkur í kaf. Það virkaði og Íris er síðan frábær markvörður sem alltaf er hægt að treysta á. Við höfðum bilaða trú á að við gætum unnið og ekki leiðinlegra að vinna Val aftur. Nú er stefnan bara að vinna Íslandsmeistaratitilinn líka."

Stefán Arnarson, þjálfari Vals, viðurkenndi eftir leik að hans lið hefði tapað á sanngjarnan hátt. „Við töpum á öllum sviðum – markvörslu, vörn og sóknarleik. Þær voru bara miklu betri en við að þessu sinni," sagði Stefán heiðarlegur.

„Það sem er sorglegt við þetta er að við vorum búin að búa okkur undir þessa vörn þeirra og hún kom því ekki á óvart. Þær gerðu þetta aftur á móti mun betur á meðan við virtumst ekki vera klárar í slaginn."

henry@frettabladid.is

SIGURDANSINN Einar Jónsson, þjálfari Fram, leiddi sigurdansinn eftir leik og þótti sýna frábær tilþrif á fjölum Laugardalshallarinnar. Einar setti síðan á sig bindi eftir leikinn rétt eins og í fyrra er Fram vann bikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

GRÁTIÐ AF GLEÐI Guðríður Guðjónsdóttir, aðstoðarþjálfari Fram, grét af gleði eftir leik en hún var að vinna sinn fjórtánda bikartitil. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BÚIÐ SPIL Carlton Cole skorar hér lokamark leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Áfall fyrir Liverpool:

Tapaði fyrir botnliðinu

FÓTBOLTI Lærisveinar Kenny Dalglish hjá Liverpool riðu ekki feitum hestu frá viðureign sinni gegn botnliði West Ham í gær.

Hamrarnir unnu sannfærandi og öruggan 3-1 sigur og lyftu sér um leið úr botnsæti deildarinnar.

Scott Parker var frábær í liði West Ham en það stóð lengi vel til að hvíla hann vegna meiðsla.

„Scott er sérstakur maður. Andinn sem hann sýndi var einstakur. Þrem tímum fyrir leik vorum við búnir að afskrifa hann því hann gat varla labbað. Læknateymið stóð sig frábærlega við að koma honum í stand," sagði Avram Grant, stjóri West Ham.

- hbg

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

WEST HAM - LIVERPOOL 3-1
1-0 Scott Parker (22.), 2-0 Demba Ba (44.), 2-1 Glen Johnson (83.), 3-1 Carlton Cole (90.+1).
MAN. CITY - FULHAM 1-1
1-0 Mario Balotelli (26.), 1-1 Damien Duff (48.)
ASTON VILLA - BLACKBURN 4-1
1-0 Ashley Young (48.), 3-0 Stewart Downing (63.), 3-1 Nikola Kalinic (80.), 4-1 Ashley Young (81.).
EVERTON - SUNDERLAND 2-0
1-0 Jermaine Beckford (7.), 2-0 Jermaine Beckford (38.).
NEWCASTLE - BOLTON WANDERERS 1-1
1-0 Kevin Nolan (12.), 1-1 Daniel Sturridge (37.).
WIGAN - MANCHESTER UNITED 0-4
0-1 Javier Hernandez (16.), 0-2 Javier Hernandez (73.), 0-3 Wayne Rooney (83.), 0-4 Fabio (86.).
WOLVES - BLACKPOOL 4-0
1-0 Matt Jarvis (1.), 2-0 Jamie O'Hara (53.), 3-0 Sylvan Ebanks-Blake (77.), 4-0 Sylvan Ebanks-Blake (89.)

STAÐAN:

Man. United	**27**	**17**	**9**	**1**	**61-25**	**60**
Arsenal	27	17	5	5	57-27	56
Man. City	**28**	**14**	**8**	**6**	**44-25**	**50**
Tottenham	27	13	8	6	38-31	47
Chelsea	**26**	**13**	**6**	**7**	**46-22**	**45**
Liverpool	28	11	6	11	36-35	39
Bolton	**28**	**9**	**10**	**9**	**39-38**	**37**
Sunderland	28	9	10	9	33-35	37
Newcastle	**28**	**9**	**9**	**10**	**43-39**	**36**
Everton	27	7	12	8	35-36	33
Stoke City	**27**	**10**	**3**	**14**	**31-34**	**33**
Aston Villa	28	8	9	11	35-47	33
Fulham	**28**	**6**	**14**	**8**	**29-29**	**32**
Blackburn	28	9	5	14	35-46	32
Blackpool	**28**	**9**	**5**	**14**	**42-55**	**32**
Birmingham	26	6	12	8	25-35	30
Wolves	**28**	**8**	**4**	**16**	**31-46**	**28**
WBA	27	7	7	13	35-52	28
West Ham	**28**	**6**	**10**	**12**	**33-49**	**28**
Wigan	28	5	12	11	27-49	27

Manchester United aftur komið með fjögurra stiga forskot eftir öruggan sigur á Wigan á útivelli:

Wayne Rooney þótti sleppa vel gegn Wigan

FÓTBOLTI Mexíkóinn Javier Hernandez heldur áfram að gera það gott hjá Man. Utd en hann skoraði tvö marka liðsins um helgina er það lagði Wigan af velli, 0-4.

Wigan ákvað að legga nýtt gras á völlinn fyrir leikinn og það kunnu leikmenn Man. Utd vel að meta og þeir þökkuðu fyrir með fjórum mörkum.

Leikurinn var þó ekki án umdeildra atvika en Wayne Rooney virtist gefa einum leikmanni Wigan olnbogaskot í leiknum og Roberto Martinez, stjóri Wigan, vildi sjá rautt spjald á Rooney.

„Ég sá þetta atvik vel og dómarinn líka því hann dæmdi aukaspyrnu. Fyrst hann dæmdi aukaspyrnu þá var alveg kristaltært að hann þurfti að gefa rautt spjald í leiðinni. Það sést líka vel í sjónvarpinu að Rooney gefur mínum manni olnbogaskot í andlitið. Ef þetta hefði gerst fyrir minn mann þá hefði ég talið mig heppinn að halda ellefu leikmönnum inn á vellinum," sagði Martinez svekktur en Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var á öndverðum meiði.

„Ég er búinn að sjá þetta og það er ekkert að þessu. Það er samt búið að opna málið og fjölmiðlar munu reka áróður í málinu þar sem þetta er Wayne Rooney. Þeir munu reyna að hengja hann eða taka hann af lífi í rafmagnsstólnum," sagði Ferguson afar hvass. „Það er ótrúlegt að fylgjast með meðferðinni sem hann fær. Fylgist með fjölmiðlum. Það verður áhugavert að fylgjast með þessu."

Ef Rooney hefði fengið rauða spjaldið þá hefði hann misst af leiknum gegn Chelsea á morgun og leiknum gegn Liverpool næsta sunnudag.

„Þrátt fyrir allt er ég ánægður með úrslitin því þetta er erfiður útivöllur," sagði Ferguson kurteislega en United hefur unnið alla 13 leiki sína gegn Wigan.

- hbg

SAKLEYSIÐ UPPMÁLAÐ Rooney labbar hér til Clattenburg á meðan leikmaður Wigan kveinkar sér eftir olnbogaskotið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Til hamingju stelpur!

Fram er bikarmeistari kvenna í handknattleik – annað árið í röð.
Frábær uppskera eftir mikla vinnu og þrotlausar æfingar.

Sjóvá óskar Fram innilega til hamingju með bikarinn!

SJÓVÁ

Sjóvá er stoltur aðalstyrktaraðili Fram

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-0463

> Nicolas Cage

„Ástríða skiptir mig miklu máli. Ef þú hættir að hafa gaman að hlutunum, verður maður að skoða það nánar því það gæti leitt til alls konar niðurdrepandi aðstæðna."

Nicolas Cage leikur töframann sem skemmtir í Las Vegas og telur sig búa yfir þeim hæfileika að sjá fyrir um framtíðina, en verksvið hans breytist skyndilega þegar FBI fær hann til þess að nota hæfileika sína til að koma í veg fyrir yfirvofandi kjarorkuárás í dulmögnuðu spennumyndinni Next sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR UPPLIFIR ALVARLEG FRÁHVÖRF

RÚV er stöðin sem stendur með manni alla leið

Meðal þeirra aukaverkana sem fylgja búslóðaflutningum, eru: Internetleysi, heimasímaleysi og fjölvarpsleysi. Ég er nú að ganga í gegn um slíkt ferli.

Ríkissjónvarpið heldur mér ótrúlega oft félagsskap. Ég horfi gjarnan á íslenska og geðþekka spurningaþætti, breskar og gamaldags morðgátur, eða amerískar og lélegar skemmtiseríur. Internetleysið gerir það að verkum að ég get einbeitt mér fullkomlega að efninu og læt ekki afvegaleiðast á veraldarvefinn. Fartölvan mín situr inni í skáp og safnar ryki. Á borðtölvunni hef ég ekki kveikt í viku. Svo hringir heimasíminn auðvitað ekki á meðan ég er að njóta sjónvarpsstöðvarinnar góðu, sem er enn einn plúsinn. En það var eitt sem ég saknaði hvað mest, áður en ég gerði stórmerka enduruppgötvun, og það voru fréttavefirnir. En ég áttaði mig á því eitt kvöldið, þegar ég stillti á Textavarpið til þess að vita hvaða veislu Ríkissjónvarpið ætlaði að sjá mér fyrir um kvöldið, að hið ævaforna og langlífa Textavarp getur séð mér fyrir stafrænum fréttum á flutningstímum. Þessu hafði ég nær gleymt og ég áttaði mig á því hversu mikla vanvirðingu ég hafði sýnt þessum miðli á síðustu árum. Ég ákvað strax að gera bót þar á og skipti gjarnan yfir á „Varpið" þegar eitthvað leiðinlegt er á stöðinni. Sem gerist þó auðvitað nánast aldrei. En þetta er nú farið að verða gott. Ég er komin vikuhringinn. Það veit ég vegna þess að ég hef séð tvo Útsvars-þætti á jafn mörgum vikum, án þess að missa af einni einustu mínútu. Og ég skal aldrei bæta þeim þriðja í hópinn.

SJÓNVARPIÐ

16.35 Eva María (e)
17.20 Landinn (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Mærin Mæja (4:52)
18.08 Franklín (53:65)
18.30 Sagan af Enyó (9:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Ljónin þreyja af þurrkinn (Les lionnes de la rivière de sable) Miklir þurrkar í Ruaha-þjóðgarðinum í Suður-Tansaníu gera dýrunum erfitt fyrir. .
21.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi (4:12) Fjallað er um rekavið á Ströndum og rannsóknir í félagsvísindum sem honum tengjast, um hin sumpart dularfullu aukefni í matvælum og áhrif hlýnandi veðurfars til langs tíma á Íslandi.
21.30 Mumbai kallar (3:7) (Mumbai Calling) Bresk gamanþáttaröð um Kenny, Indverja fæddan á Bretlandi.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Íslenski boltinn
23.00 Meistaradeild í hestaíþróttum
23.20 Þýski boltinn
00.20 Kastljós (e)
00.45 Fréttir (e)
00.55 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 Crossroads: A Story of Forgiveness
10.00 Trading Places
12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
14.00 Crossroads: A Story of Forgiveness
16.00 Trading Places
18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
20.00 Forgetting Sarah Marshall
22.00 Next
00.00 Find Me Guilty
02.00 Back to the Future III
04.00 Next
06.00 How She Move

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (15:22)
11.00 Masterchef (3:13)
11.45 Falcon Crest (16:28)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (22:24)
13.30 America's Got Talent (3:26)
14.15 America's Got Talent (4:26)
15.10 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2
16.43 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (13:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (9:19) Fimmta sería hinna vinsælu þátta um Charlie Harper sem lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilinn, með son sinn Jack.
19.45 The Big Bang Theory (17:17) Leonard og Sheldon eru bestu vinir sem leigja saman.
20.10 Glee (13:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
20.55 Undercovers (13:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar.
21.40 Óskarsverðlaunin 2011 - Samantekt
23.25 Modern Family (13:24)
23.50 Chuck (15:19)
00.35 Burn Notice (10:16)
01.20 Grandma's Boy
02.50 Two and a Half Men (9:19)
03.15 The Simpsons
03.40 Óskarsverðlaunin 2011
05.25 Fréttir

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

07.00 Enski deildabikarinn: Arsenal - Birmingham
17.25 Einvígið á Nesinu
18.20 Enski deildabikarinn: Arsenal - Birmingham Útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins. Það eru Arsenal og Birmingham City sem eigast við á Wembley.
20.05 Without Bias Einstök heimildarmynd um körfuboltamanninn Len Bias sem lést langt fyrir aldur fram. Hann var stjarna í háskólakörfuboltanum og spáð frægð og frama í NBA. Hann þótti standa jafnfætis Michael Jordan hvað hæfileika varðaði og það kom engum á óvart þegar meistaralið Boston Celtics valdi Bias í nýliðavalinu sumarið 1986. En aðeins tveimur dögum síðar lést Bias eftir ofneyslu kókaíns.
21.00 Spænsku mörkin
21.45 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
22.40 NBA körfuboltinn: Oklahoma - L.A Lakers Útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Los Angeles Lakers í NBA.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 West Ham - Liverpool
14.05 Man. City - Fulham
15.50 Aston Villa - Blackburn
17.35 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
18.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
19.50 Stoke - WBA Bein útsending frá leik Stoke City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
23.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
23.30 Stoke - WBA

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.20 7th Heaven (15:22) (e)
17.05 Game Tíví (5:14) (e)
17.35 Dr. Phil
18.20 Spjallið með Sölva (2:16) (e)
19.00 Judging Amy (13:22)
19.45 Will & Grace (22:22) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
20.10 90210 (14:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Það er nóg um að vera hjá ríku unglingunum í Beverly Hills. Emily reynir að skemma fyrir Annie, Navid missir álit á Adriönnu en Naomi er í partýhugleiðingum.
20.55 Life Unexpected - LOKAÞÁTTUR (13:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Það er komið að lokaþættinum í fyrstu þáttaröð og stóra stundin er að renna upp hjá Cate og Ryan en fyrst þarf hún að gera upp við sig hvaða tilfinningar hún ber til Baze. Lux er með stórar fréttir sem gætu haft áhrif á líf þeirra allra.
21.45 CSI (7:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Líkamshlutar finnast í vörubíl eftir að eigandi hans tilkynnir rannsóknarteyminu um undarlegan leka úr vörugeymslu sinni.
22.35 Jay Leno
23.20 The Walking Dead (3:6) (e)
00.10 Rabbit Fall (2:6) (e)
01.20 The Cleaner (9:13) (e)
01.20 Will & Grace (22:22) (e)
01.45 Life Unexpected (13:13) (e)
02.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁR GOLF

06.00 ESPN America
07.00 World Golf Championship 2011
12.10 Golfing World
12.55 World Golf Championship 201)
18.05 Golfing World
18.50 World Golf Championship 2011
00.00 Golfing World
00.50 ESPN America

STÖÐ 2 EXTRA

19.30 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.15 E.R. (17:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 The Mentalist (14:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu..
22.35 Chase (9:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost.
23.20 Boardwalk Empire (2:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram og græðgin og hömluleysið var allsráðandi.
00.15 Mad Men (12:13)
01.05 E.R. (17:22)
01.50 The Doctors
02.30 Sjáðu
02.55 Fréttir Stöðvar 2
03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur.
19.00 Fróðleiksmolinn

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Fjallað verður um áhrif hreyfingar á líkaman. Með Erlingi Jóhannssyni doktor í íþróttalífeðlisfræði við HÍ.
20.30 Lífið Heimur sem aldrei sefur og loðdýraræktin.
21.00 Frumkvöðlar Hvers vegna loka menn hugmyndahúsi háskólanna?
21.30 Eldhús meistarana Magnús kynnist matseldinni hjá Kókos og karrý.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7**FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Heilsusamleg húðhirðulína fyrir alla fjölskylduna
– engin óþörf aukaefni

ceridal®
Húðhirðulína

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10
Glee

Fjörið heldur áfram hjá krökkunum í Glee-sönghópnum og í þættinum í kvöld glíma þau m.a. við lögin Baby og Somebody to Love með Justin Bieber.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Víttogbreitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Óp us **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Girni, grúsk og gloríur **23.08** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.25 Robin Hood **11.10** EastEnders **11.45** Dalziel and Pascoe **12.35** Dalziel and Pascoe **13.20** Deal or No Deal **13.55** Deal or No Deal **14.30** ,Allo ,Allo! **15.05** ,Allo ,Allo! **15.40** Doctor Who **16.25** Whose Line Is It Anyway? **16.50** Whose Line Is It Anyway? **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.25** ,Allo ,Allo! **19.00** ,Allo ,Allo! **19.35** Little Britain **20.05** Coupling **20.35** Mutual Friends **21.25** How Not to Live Your Life **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Mutual Friends

DR 1

11.00 DR Update - nyheder og vejr **11.10** 21 Søndag **11.50** DR1 Dokumentaren **13.00** Klovedal i Indonesien **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Jamie Olivers skolemad **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Ni-Hao Kai Lan **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamie Olivers eget køkken **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Søvn ude af kontrol **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hercule Poirot **22.30** OBS

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.05** VM Oslo 2011 **11.30** NRK nyheter **11.35** VM Oslo 2011 **13.30** NRK nyheter **13.31** VM Oslo 2011 **15.00** NRK nyheter **15.05** VM Oslo 2011 **16.00** NRK nyheter **16.10** VM Oslo 2011 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** VM Oslo 2011 **17.40** Distriktsnyheter **18.30** VM-kveld **19.55** Distriktsnyheter **20.40** Brødre **21.25** Håkon & Haffners byggeklosser **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kalde spor **00.10** Nytt på nytt **00.45** Sport Jukeboks **02.00** Country jukeboks u/chat

SVT 1

10.15 VM-studion **10.30** Skid-VM i Oslo **11.30** Rapport **11.35** VM-studion **12.00** Skid-VM i Oslo **13.15** VM-studion **14.00** Skid-VM i Oslo **15.20** Rapport **15.25** Sverige! **15.55** Minuten **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Klass 9A **19.30** Dom kallar oss artister **20.00** Gynekologen i Askim **21.00** Sexualkunskap **21.30** Hej litteraturen! **22.00** X-Games **22.45** Kommissarie Zen

Fyrir 229 krónur færð þú:

TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI EÐA 6 MÍNÚTUR Í KEILU EÐA EINN BARNAÍS EÐA VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU EÐA FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. **Tryggðu þér áskrift í dag!**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Það er án efa Ástríður sem sýnd var á Stöð 2. Ég bara fæ ekki nóg og get fengið kjánahroll með henni aftur og aftur. Ég bind einnig miklar vonir við Makalaus og við vinkonurnar erum búnar að plana kokteila og sjónvarpskvöld alla fimmtudaga í vetur.“

Anna Bergljót Thorarensen, leikkona.

Óvissa um Eagles-ferð til Hamborgar

Á sama tíma og Sena auglýsir tónleika með hljómsveitinni Eagles í Nýju Laugardalshöllinni 9. júní auglýsir Icelandair pakkaferð á Eagles-tónleika í Hamborg tæpum þremur vikum síðar, eða 28. júní, sem kostar á annað hundrað þúsund krónur.

„Þetta var tilviljun,“ segir Þorvarður Guðlaugsson, forstöðumaður íslenska sölusvæðisins hjá Icelandair. „Við erum búnir að vera með þessa miða í svolítinn tíma. Þetta fór á netið tveimur dögum áður en tilkynningin um tónleikana hérna heima kom.“

Hann viðurkennir að hafa fengið nett sjokk þegar hann frétti að Eagles væri á leiðinni til Íslands. „Auðvitað kippist maður aðeins við. Maður hefði kannski ekki gert þetta ef þessi tilkynning hefði verið komin á undan. Maður hefði sjálfsagt beðið eitthvað með það.“

Að sögn Þorvarðar hafa nokkrir aðilar keypt miða á tónleikana í Hamborg og enginn hætt við þrátt fyrir tónleikana hér heima. Hann útilokar samt ekki að hætt verði við ferðina út. Allt fer það auðvitað eftir eftirspurninni en um 20-30 miðar eru í boði.

Fararstjóri verður Ingi Gunnar Jóhannsson. „Maður er svo vanur því að það komi aldrei neinn hingað en það er ekkert nema gleði yfir því að sjá þá í Laugardalshöll. En það er eitt að sjá þá í Hamborg og annað að sjá þá hér,“ segir Ingi Gunnar, sem hefur séð Eagles fjórum sinnum. „Þeir eru æðislegir á tónleikum og spilamennskan er eins fullkomin og mögulegt er. Upplifunin að sjá þá er óviðjafnanleg.“ - fb

TVÖFÖLD GLEÐI Glenn Frey og félagar í Eagles spila bæði í Nýju Laugardalshöllinni og í Hamborg í júní. Ingi Gunnar Jóhannsson segir eitt að sjá þá hér á landi og annað í Hamborg.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarkonan **Ólöf Arnalds** greinir frá þremur áhrifavöldum sínum í hönnunartímaritinu Livingetc sem er það stærsta sinnar tegundar í Bretlandi. Fyrst nefnir hún safnplötu með vegatónlist frá Víetnam sem var gefin út árið 2000 og næst nefnir hún tónlistarmanninn Skúla Sverrisson sem hún hefur unnið töluvert með í gegnum árin. Loks minnist hún á listabókina Proust Was A Neuroscientist eftir Jonah Lehrer og segir hana í miklu uppáhaldi hjá sér.

Platan, Puzzle, sem kom út á síðasta ári, fær þrjár stjörnur af fimm mögulegum og nokkuð jákvæða umsögn. Segir blaðið að þrátt fyrir að **María Huld Markan** og félagar hafi bætt tveimur karlkynsmeðlimum við bandið sé útkoman samt enn það sem búast megi við af strengjasveit Sigur Rósar.

Breska tónlistarblaðið Q fjallar um nýjustu plötu íslensku hljómsveitarinnar Amiinu í apríltölublaði sínu.

Fleiri Íslendingar koma við sögu í gagnrýni Q þennan mánuðinn. Fyrsta plata The Vaccines, sem **Árni Hjörvar Árnason** spilar á bassa í, fær fjórar stjörnur og glimrandi meðmæli. Segir blaðið að sveitin standi fyllilega undir öllu „hæpinu“ sem byggt hefur verið upp að undanförnu.

- fb, hdm

DAÐI EINARSSON: LAGAR BÆÐI LITI OG LEIKARA

Hannar hreyfingar George Clooney og Söndru Bullock

„Ég var að vinna í þessu síðasta sumar, var hálft ár í London og þurfti því að kúpla mig út úr vinnunni hér heima,“ segir Daði Einarsson hjá tæknibrellufyrirtækinu Framestore Reykjavík. Hann vann náið með mexíkóska verðlaunaleikstjóranum Alfonso Cuarón við nýjustu kvikmynd hans, Gravity, sem skartar meðal annars stórleikurunum George Clooney og Söndru Bullock í aðalhlutverkum.

Mikil tölvugrafík verður í myndinni og því varð að forvinna hana mjög mikið. Daði þurfti til að mynda að hanna hreyfingar leikara og gera nánast myndina fyrir eiginlegar tökur ásamt því að skipuleggja hvernig ætti að taka upp aðalleikarana þegar eiginlegar tökur hæfust. Hann ber Alfonso Cuarón vel söguna en leikstjórinn á að baki myndir á borð við Harry Potter og fangann frá Azkeban og Children of Men með Clive Owen. „Hann er rosalegur karakter og mikill kvikmyndagerðarmaður. Það var virkilega skemmtilegt og forvitnilegt að fá að vinna þessa kvikmynd í svona nánu samneyti við innsta hringinn.“

Daði flutti heim til Íslands fyrir fjórum árum eftir að hafa búið í London og New York frá því fyrir aldamót. Hann var á mála hjá tölvubrellufyrirtækinu Framestore þegar hann og eiginkona hans tóku þá ákvörðun að snúa aftur til föðurlandsins. Framestore vildi hins vegar síður en svo sjá á eftir sínum manni og fékk hann til að opna með sér útibú í gamla Landsímahúsinu við Austurvöll. Þar starfa nú fimmtán Íslendingar við gerð tölvubrellna og tæknilega eftirvinnslu og úrvinnslu kvikmynda og auglýsinga. Og þetta er allt lítið mál á stafrænni öld. „Við erum með mjög öflugar tölvur og öfluga nettengingu við London og New York þaðan sem við fáum stærsta partinn af okkar vinnu.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MIKILL KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR Daði Einarsson (fyrir ofan) vann náið með mexíkóska verðlaunaleikstjóranum **Alfonso Cuarón** við nýjustu kvikmynd hans, Gravity. Daði segir leikstjórann vera mikinn kvikmyndagerðarmann en Daði vann meðal annars við að hanna hreyfingar George Clooney.

En það eru ekki bara tæknibrellu-skrýmsli sem rata inn á borð til Daða og Framestore. Því hann er einnig að vinna við kvikmynd Baltasars Kormáks, Contraband. „Í nútíma kvikmyndum er eiginlega allt lagað, litir og leikkonur. Í Titanic til að mynda voru 800 brelluskot, í Mamma Mia voru þau 2000. Contraband er þokkalega stórt verkefni en það fellur einmitt undir þann hatt að ef áhorfendur taka ekki eftir vinnu okkar þá höfum við staðið okkur í stykkinu.“

freyrgigja@frettabladid.is

Tilnefndur til Emmy-verðlauna

Hermann Hermannsson klippari hefur verið tilnefndur til fernra New York Emmy-verðlauna fyrir vinnu sína við sjónvarpsþættina Knicks Poetry Slam. Verðlaunin eru systurverðlaun hinna þekktu Emmy-verðlauna og hafa verið veitt árlega frá árinu 1955.

Hermann flutti heim til Íslands í fyrravor eftir þriggja ára dvöl í Bandaríkjunum. Á þeim tíma starfaði hann hjá þarlendu framleiðslufyrirtæki sem framleiddi meðal annars sjónvarpsþættina Knicks Poetry Slam, en þeir hlutu alls sex tilnefningar. Þættirnir fjalla um samkeppni í ljóðaslammi. „Þessi sena er mjög stór og öflug í New York og keppnin hefur verið haldin árlega í mörg ár. Keppendurnir eru allir á aldrinum 13 til 19 ára og eru sigtaðir út þar til einn stendur uppi sem sigurvegari,“ útskýrir Hermann en þetta er í annað sinn sem hann er tilnefndur til verðlaunanna.

TILNEFNDUR Hermann Hermannsson klippari hefur verið tilnefndur til fernra New York Emmy-verðlauna fyrir bandaríska sjónvarpsþætti sem fjalla um ljóðasamkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég fékk styttu fyrir fyrsta verkefnið sem ég tók að mér eftir að ég flutti til New York á sínum tíma.“

Mikil vinna liggur að baki þáttanna og segist Hermann hafa unnið nánast daglega í þrjá mánuði við gerð þeirra. „Það var lítill peningur til og þess vegna þurftum við að leggja mikla vinnu í gerð þáttanna. Ég vann nánast daglega allan þann tíma og mér finnst eins og þessar tilnefningar réttlæti það svolítið,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segir hann tilnefningarnar hafa mikla þýðingu enda geti þær greitt leið hans aftur inn á vinnumarkaðinn í Bandaríkjunum. „Ég er svolítið að skima aftur út og langar að geta verið í þeirri aðstöðu að hoppa fram og tilbaka á milli Íslands og Bandaríkjanna. Þessi tilnefning mun vonandi greiða götu manns í þeim efnum.“

Hermann vinnur nú að sjónvarpsþáttunum Makalaus og segist hafa fengið leyfi frá samstarfsfélögum sínum til að vera viðstaddur verðlaunaafhendinguna í byrjun apríl. „Ég er farinn að hlakka mikið til. Mest hlakka ég til að hitta alla gömlu vinnufélagana aftur,“ segir Hermann að lokum. - sm

MacBook Air

aðeins 1kg

Ný endurhönnuð MacBook Air.
Skjár með hárri upplausn og hröðu flash-minni í stað harðs disks.

MacBook Air 11”

169.990 kr.

Lækkað verð

1,4GHz Core 2 Duo / 64GB flash / 2GB vinnsluminni / Aðeins 1kg

iPhone 4
16GB / 32GB

iPhone 4 er án efa einn vandaðasti snjallsíminn á markaðinum í dag.

Verð frá:
139.990 kr.

Fartölvutöskur
Walk On Water

Skemmtileg hönnun frá Walk On Water, ýmsir litir, margar gerðir.

Verð frá:
5.990 kr.

Nike + iPod Sport Kit
Nýi einkaþjálfarinn þinn

Með Nike + iPod Sport Kit getur þú fylgst með æfingum þínum og árangri á einfaldan máta. Virkar á iPod og iPhone.

3.990 kr.

Hátalarar
Fyrir unga fólkið

Flottir og nettir hátalarar fyrir smátæki eins og iPod.
Ýmsar tegundir og litir.

4.990 kr.

epli.is

Epli.is, Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lifnar yfir tónleikahaldi

Nú þegar daginn er tekinn að lengja berast tíðar fregnir af komum erlendra tónlistarmanna til landsins. Fréttir af væntanlegum tónleikum Eagles í Höllinni og Jamie Cullum í Hörpunni féllu reyndar í skuggann af „partíi ársins" en fengu þó góðar undirtektir víða. Þykir mörgum sem þessi byrjun á árinu gefi ný og góð fyrirheit um það sem koma skal í menningarlífinu. **Þorsteinn Stephensen**, sem flytur inn Cullum, býst allt eins við því að halda fleiri tónleika með þekktum listamönnum í ár og strákarnir í Kimi Records hafa auglýst nýja tónleikahátíð með vorinu. Þá fékk tónlistarhátíðin Innipúkinn styrk upp á 400.000 krónur frá Reykjavíkurborg fyrir skemmstu og ekki er ólíklegt að það verði til þess að aðalnúmerið í ár komi að utan. - hdm

Afneitað í þrígang

Við opnun sýningar Blaðaljósmyndarafélagsins á myndum síðasta árs í Gerðarsafni á laugardaginn voru líka afhent blaðamannaverðlaun. **Kristinn Hrafnsson** fékk blaðamannaverðlaun ársins fyrir fréttir um þyrluárás í Bagdad og störf á vegum WikiLeaks. Myndbandsupptaka af árásinni, sem Kastljósið sýndi um páskana, vakti heimsathygli. Í þakkarræðu gat Kristinn þess að hann hafi þrisvar tekið á móti blaðamannaverðlaunum síðustu ár, og jafnoft verið rekinn, en Sjónvarpið lét hann fara síðar á árinu. Hann þakkaði Sigmari Guðmundssyni liðveislu við að koma myndbandinu á dagskrá og gat þess að einhverjir hefðu fremur viljað fjalla um annan mann sem drepinn var í Mið-Austurlöndum fyrir tvö þúsund árum. - óká

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Annar stór jarðskjálfti
2. Gaus síðast á Krýsuvíkursvæðinu árið 1300
3. Eins og geimvísindi á finnsku
4. Jarðskjálfti í Reykjavík
5. Egill Helgason fann fyrir jarðskjálftanum

Office1
Fyrirtækjaþjónusta
ÓDÝR REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI 550 4111
Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

NÝTT!

Sumarferðir kynna nýjan og spennandi áfangastað!

SUMAR 2011
Almeria
- falda perlan í Miðjarðarhafinu!

- Sólríkur og menningarlegur staður í hjarta Andalúsíu
- Fallegur strandbær og glæsilegar gistingar
- Spennandi afþreying og verslunarmögulekar í boði
- Sólríkar strendur, hvítkölkuð hús, nautaat, senjórítur og seiðandi flamenco-tónlist
- Flogið í beinu morgunflugi í allt sumar

Arena Center ☆☆☆☆
VIKA
frá 88.350 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann frá 107.350 kr ef m.v. 2 fullorðna.*
Brottför: 1. júlí

SUMAR FERÐIR
sumarferdir.is
...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn.